



Ræðst gegn verkjum



## Paratabs® – Öflugur verkjebani!

**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur virka efnið parasetamól 500 mg. Paratabs er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið er m.a. notað við höfuðverk, tannverk, tíðaverk, vöðvaverk og hita. **Skömmtnun:** Fullorðnir og unglingar sem eru 50 kg eða þyngri: 1 til 2 töflur á 4 til 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 6 töflur/3 g á dag. Börn og unglingar sem eru 43-50 kg að þyngd: 1 tafla á 4 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 5 töflur/2,5 g á dag. Börn sem eru 34-43 kg að þyngd: 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 4 töflur/2 g á dag. Börn sem eru 26-34 kg að þyngd: ½ tafla á 4 klst. fresti eða 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 3 töflur/1,5 g á dag. Paratabs 500 mg er ekki ætlað börnum sem eru innan við 26 kg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnum eiga ekki að nota lyfið. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lífrar- og nýrnastarfsemi, samhliða meðferð með lyfjum sem hafa áhrif á lífrarstarfsemi, skort á glúkósa-6-fosfatdehydrógenasa, rauðaloslóðleysi, ofnotkun áfengis, ofþornun og langvarandi vannæringu. Forðast skal samhliða notkun Paratabs og áfengis. Paratabs á ekki að nota samtímis öðrum lyfjum sem innihalda parasetamól. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lífrarskemmdum. Langvarandi notkun getur valdið alvarlegum og tíðum höfuðverkjum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með astma, sem eru næmir fyrir acetylsalicylsýru. Ef hár hiti eða einkenni sýkingar eru enn til staðar eftir meðferð í meira en 3 daga, eða ef verkur er enn til staðar eftir meðferð í meira en 5 daga, skal leita til læknis. **Meðganga og brjóstgjöf:** Nota má Paratabs í ráðlögðum skömmtum á meðgöngu eða samhliða brjóstgjöf. **Aukaverkanir:** Parasetamól polist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt. Ekki taka meira en ráðlagðan skammt. Athugið að hærri skammtar en ráðlagðir eru geta valdið mjög alvarlegum lífrarskemmdum. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Júlí 2013.

  
**Actavis**

# Ritstjórapistill

## Ágætu lesendur Rauða bordans!

Hiv-Ísland fagnar 25 ára afmæli félagsins um þessar mundir. Á slíkum tímamótum er viðeigandi að líta um öxl, skoða hvað hefur áunnist í málefnum hiv-jákvæðra, en líka að hugleiða hvað betur mætti fara. Veirulyfin þróast með hverju árinu sem líður, aukaverkanir verða minni og heilsa og lífs-gæði hiv-jákvæðra hafa batnað að sama skapi. Það skyggir þó á gleðina að stöku sinnum skuli berast fregnir af því að hiv-jákvæðir verði fyrir fordómum vegna sjúkdómsins.

Eins og mörgum er kunnugt um, hefur Hiv-Ísland um árabíl verið með fræðslu um hiv og alnæmi fyrir tvo elstu bekkina í grunnskólum landsins. Þetta er metnaðarfullt forvarnarstarf sem á sér vart hliðstæðu neinsstaðar í heiminum. Á einum slíkum fræðslufundi sem haldinn var nýverið biðu nemendur þess áhugasamir að forvarnarfulltrúinn tæki til máls. Hann byrjaði á því að spyrja hópinn: „Hvað dettur ykkur í hug þegar þið heyrið orðið alnæmi?“ Það var löng þögn. Svo svaraði áráðinn nemandi: „Afrika.“ Utan úr sal var þá spurt: „Er það ekki sjúkdómurinn sem lætur mann missa minnið?“ Það kom að sjálfsgöðu upp úr kafinu að unglingurinn ruglaði saman alzheimer og alnæmi!

Það er greinilega full þörf á fræðslu. Margir unglingar í dag þekkja sjúkdóminn alnæmi bara úr skólabókum, nú eða vita að hann finnst lengst suður í Afríku. Þetta er kannski svipað og þegar við sem eldri erum lærðum um berkla og virtust okkur þá, fjarlægir í tíma og rúmi. Það eru reyndar bara fáeinir áratugir síðan berklar voru landlægir á Íslandi, og eru enn víða um heim.

## Efnisyfirlit

Ritstjórapistill .....	3
Frá formanni Hiv Íslandi.....	5
Hugleiðingar framkvæmdastjóra.....	6
Leitin að lækningu við hiv-sýkingu .....	8
Banni aflétt af vinnuþátttöku heilbrigðisstarfsmanna á Bretlandi.....	13
Mikið vatn til sjávar runnið! .....	14
Að þerra tár berhentur .....	16
Söguleg heimildamynd.....	19
„Grænland er ekkert hlýlegt“ .....	20
Erlent samstarf .....	22
Eldfim yfirlýsing frá Danmörku: „Hiv-jákvætt fólk á lyfjum smitar ekki“ .....	24
Hópastarfið í árána rás.....	28
Hrikalegt ástand hiv-mála í Grikklandi.....	30



Í fræðslunni í grunnskólunum er vissulega fjallað um smokkinn og hvernig hann ver fólki fyrir kynsjúkdómum. Fræðslan miðar þó ekki síður að því að fá unglingana til að staldra við og hugsa út í þá siðferðislegu ábyrgð sem þeir bera á sjálfum sér í öllum samskiptum við aðra, þar með talið kynlífi.

Unglingar eru gott fólk. Þeir eru áhugasamir, einlægir og síðast en ekki síst fordómalausir og móttækilegir fyrir fræðslu. Oft mættum við sem eldri erum taka okkur þá til fyrirmyndar og tileinka okkur víðsýni þeirra og fordómaleysi. Full-orðið fólk á það nefnilega til að halda í gamlar hugmyndir og skoðanir, kannski vegna þess að það virðist þægilegri leið að halda í það sem maður þekkir, jafnvel þótt úrelt sé.

En hverjir eru það sem bera ábyrgð á staðalmyndum um hiv-jákvæða í dag? Hjá sumum lifir enn hin gamla klisja um að hiv-jákvæðir séu á einhvern hátt siðferðilega veikir á svellinu og geti bara sjálfum sér um kennt. Við erum komin út á mjög hálan ís þegar við förum að draga sjúkdóma í dilka eftir siðgæðislegu gildismati. Það sæmir ekki siðuðu þjóðfélagi. Opinberir aðilar bera ábyrgð á því að upplýsa almenning um hiv og aðra sjúkdóma og efla þannig þekkingu og dómgreind. Það er líka hlutverk fjölmiðla að miðla upplýsingum sem vinna gegn fordómum.

Stundum er sagt að það sem ekki sé sýnilegt í samfélaginu geti seint talist eðlilegt. Hiv-jákvæðir þurfa líka að axla ábyrgð, verða sýnilegri í samfélaginu í stað þess að vera ósýnilegur jaðarhópur. „Þægilega leiðin“ væri að halda þögninni áfram, fljóta með straumnum og vera ósýnileg, en leið þagnar hefur þó aldrei aflað mannréttinda né breytt viðhorfum. Þess vegna þurfa hiv-jákvæðir sjálfir að láta rödd sína heyrast svo fólk megi sjá að þeir eru bara venjulegt fólk, allskonar fólk með vonir og þrár, manneskur sem leita hamingjunnar og vilja vera lausar við þjáningu. Erum við ekki öll í þeim sporum?

Heiðís Jónsdóttir

**Alþjóðlegi alnæmisdagurinn**  
**1. desember**  
**Dagur rauða borðans**

Alþjóðlegi alnæmisdagurinn  
sunnudaginn 1. desember  
næstkomandi.

Að Hverfisgötu 69 verður opið hús,  
boðið upp á kaffihlaðborð og miklar  
hnallþórur milli kl. 15:00 og 18:00.

Listamenn koma í heimsókn,  
með söng og upplestur.

Yfirskrift dagsins í ár er:  
**Náum núllpunkti**



## Rauði borðinn

Að bera **Rauða borðann** er  
táknmynd samúðar og  
stuðnings við hiv-jákvæða  
og alnæmissjúka.

**Rauði borðinn** er ekki einungis stuðnings-  
yfirlýsing, heldur krafa um umræðu og  
forvarnir, ósk um framfarir í rannsóknum og  
von um lækningu.

**Rauði borðinn** er einnig leið til þess að  
draga hiv-smit og alnæmi fram í dagsljósið.

Upphaf **Rauða borðans** má rekja til lista-  
mannahópsins Visual AIDS í Bandarík-  
junum, samtaka listamanna, listfræðinga og  
forstöðumanna listasafna. Inntakið er: **hiv og  
alnæmi kemur okkur öllum við!**



Smáratorg 3 (Turninn) ■ 201 Kópavogur  
sími 533 3200 ■ acta@acta.is  
www.acta.is



Hiv Ísland starfar í þágu hiva-  
jávæðra og aðstandenda þeirra.  
Í húsnæði samtakanna er unnt að  
leita upplýsinga, boðið er upp á  
fræðslu til félagsamtaka, fyrir-  
tækja og annarra, auk skipulagðrar  
fræðslu sem fram fer í grunn-  
skólum landsins.

**Skrifstofa samtakanna** er að  
Hverfisgötu 69.

**Opnunartími:**  
Mánudaga-fimmtudaga,  
kl. 13.00-16.00.

**Stjórn skipa:**  
Svavar G. Jónsson formaður  
Jón T. Sveinsson varaformaður  
Guðni Baldursson gjaldkeri

**Meðstjórnendur:**  
Árni Friðrik Ólafarson  
Heiðís Jónsdóttir  
Ingi Hans Ágústsson  
Þórgunnur Sigurjónsdóttir

**Framkvæmdastjóri:**  
Einar Þór Jónsson

**Netfang:** hiv-island@hiv-island.is  
**Heimasíða:** www.hiv-island.is  
**Símanúmer:** 552 8586  
**Kennitala:** 541288-1129  
**Bankanúmer:** 513-26-603485.  
**Styrkur er alltaf vel þeginn.**

**Rauði borðinn**  
Tímarit Hiv Íslandi  
24. árg., 35. tölublað  
**Útgáfudagur:**  
1. nóvember 2013  
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**  
Heiðís Jónsdóttir  
**Ritnefnd:**  
Einar Þór Jónsson  
Jón Tryggvi Sveinsson  
Guðni Baldursson  
Svavar G. Jónsson  
**Umbrot & hönnun:**  
Hiv Ísland  
**Prentun:**  
Prentsmiðjan Oddi ehf.  
**Dreifing:** Póstdreifing ehf  
**Upplag:** 4.000 eintök  
ISSN 1670-2751

## Breyttir tímar

Einn fjórði úr heilli öld er ef til vill ekki langur tími en þegar við færum þann tíma yfir á mannsaldur verður annað upp á teningnum. Sama má líklega segja um aldur félaga. Hiv Ísland fagnar í ár þeim áfanga að hafa starfað í 25 ár. Félagið var stofnað 5. desember 1988. Fagnað segi ég, en það var auðvitað ekkert fagnaðarefni að til félagsins var stofnað í upphafi. Félagið var stofnað af illri nauðsyn, nauðsyn sem reyndar er enn til staðar þó margt hafi áunnist og breyst á þessum árum.



Í upphafi hét félagið *Félag áhugafólks um alnæmisvandann*. Stofnendur voru ættingjar og vinir fólks, sem greinst hafði með sjúkdóm sem þá kallaðist ýmsum nöfnum en þó oftast alnæmi, með dyggum stuðningi Rauða krossins og fleiri aðila. Baráttan var hafin við þennan torkennilega sjúkdóm sem í fyrstu virtist herja á samkynhneigða karlmenn en breiddist síðan út til allra þjóðfélagsþópa.

Félagið beitti sér fyrir fræðslu bæði innvið til félagsmanna og út til almennings í samvinnu við marga aðila og í gegnum tíðina hefur verið mikið og gott samstarf við embætti smitsjúkdómalæknis. Fræðsla er enn í dag meginstarf félagsins því með fræðslu og aukinni þekkingu á smitleiðum og eðli sjúkdómsins næst bestur árangur í forvörnum. Með því er unnið gegn fordómum í garð þeirra sem smitast hafa.

Tímararnir breytast, nýtt nafn er tekið upp á félagið heitir eftir það *Alnæmissamtökin á Íslandi*. Baráttumálin þau sömu og áður, því miður er engin lækning í sjónmáli en tekist hefur að ná að nokkru leyti tökum á sjúkdómnum hjá einstaka aðilum en fjarri því að allir smitaðir geti nýtt sér þau lyf sem í boði eru. Rannsóknnum fleygir fram, skilningur vísindamanna á eðli og afleiðingum hans verða æ ljósari og nú er farið að tala um hiv. Ný lyf koma á markað sem valda straumhvörfum varðandi meðferð til að halda sjúkdómnum niðri en lækning er ekki fundin svo áfram verður að halda á braut fræðslu og forvarna.

Í ljósi þess að alnæmi er á undanhaldi var talið rétt að breyta nafni félagsins enn á ný og í dag heitir það *Hiv Ísland*, að nokkru valið til samræmingar systurfélögum á hinum Norðurlöndunum.

Í gegnum tíðina hefur starf félagsins verið borið upp af sjálfbodaliðum en þó hefur félagið lengst af haft starfsmann í hálfu starfi sem sinnir daglegum verkefnum, skipuleggur fræðslustarf í skólum, samskipti við opinbera aðila svo og ýmsa aðra bæði innan lands sem utan. Stór hluti af starfi hans fer í að afla fjár til reksturs félagsins en sá liður hefur alltaf í gegnum árin verið erfiður og ekki útlit fyrir að það lagist á næstunni.

Fordómar hafa alla tíð frá því hiv-veiran greindist fyrst verið miklir í garð þeirra sem sýkst hafa. Fræðsla er forsenda þess að fordómum verði vikið til hliðar. Leggja verður meiri fjármuni til fræðslu og forvarna og þar verða stjórnvöld og opinberir aðilar að koma myndarlegar að en verið hefur á umliðnum árum.

Hiv-veiran fer ekki í manngreinaralit þegar hún stingur sér niður, allir eru jafnir fyrir henni. Við skulum í baráttunni haga okkur eins, hætta að draga fólk í dilka sem stuðlar að fordómum og heldur standa saman, því við erum jú öll að berjast fyrir sömu markmiðum.

Svavar G. Jónsson formaður Hiv Ísland



## HUGLEIÐINGAR FRAMKVÆMDASTJÓRA Á TÍMAMÓTUM

Í ár eru 25 ár síðan félagið okkar var stofnað. Það hét fyrst *Félag áhugafólks um alnæmisvandann*. Nokkrum árum síðar var nafninu breytt í *Alnæmissamtökin á Íslandi* en síðustu fjögur árin hefur félagið borið nafnið *Hiv Ísland*. Félagsmiðstöð og skrifstofa hafa öll árin verið til húsa við Hverfisgötuna í Reykjavík, fyrst í Hverfisgötu 16 en síðustu 20 árin í Hverfisgötu 69 þar sem félagið hefur búið vel um sig.

Frumkvæðið að stofnun félagsins átti hópur hiv-smitaðra einstaklinga og aðstandendur þeirra, félagar úr Samtökunum '78, starfsmenn Rauða krossins á Íslandi, fagfólk innan heilbrigðisstofnana og aðrir áhugasamir um baráttuna gegn alnæmisógninni sem stöðjaði að samfélaginu. Fyrsti formaður félagsins og einn af brautryðjendum við stofnun þess var Auður Matthíasdóttir félagsráðgjafi. Það ríkti mikil óvissa á þessum tíma um það hvernig sjúkdómurinn myndi haga sér og hvort útbreiðsla hans yrði mjög víðtæk.

Tilgangurinn með stofnun félagsins var að auka þekkingu og skilning almennings á hiv og alnæmi og styðja hiv-smitaða, sjúka og aðstandendur þeirra. Þessi markmið hafa ekkert breyst á þeim 25 árum sem félagið hefur starfað. Þörfin fyrir stöðuga fræðslu til almennings er mikil, þrátt fyrir gríðarlega miklar og jákvæðar framfarir í meðferð og þekkingu manna á hiv og alnæmi síðustu árin.

Fyrstu tíu starfsár samtakanna voru félagsmönnum afar erfið, margt ungt og efnilegt fólk veiktist og dó af völdum alnæmis. Sjúkdómurinn var í byrjun oft kallaður *hommaveikin*. Tengsl sjúkdómsins við ýmsa minnihlutahópa voru ekki til að slá á þann mikla ótta og þá vanþekkingu sem ríkti í samfélaginu á þessum árum. Fjölmíðlaumfjöllun á þessum tíma ber þess merki hversu alvarlegir fordómarnir voru og mismunun skapaðist á þessum tíma gegn hiv-jákvæðu fólki. Veikindastríð látinna félaga okkar og æðruleysi þeirra í forðómafullu og óttaslegnu samfélagi, þar sem þögnin var stundum algjör, líður okkur vinum og aðstandendum seint úr minni. Nú getum við vonandi farið að tala um sjúkdóminn og fortíðina á áreynslulausan hátt.

Gríðarleg breyting varð á aðstæðum sjúklinganna þegar lyf, sem héldu hiv-veirunni í skefjum, komu á markaðinn fyrir aldamótin. Menn hreinlega *risu upp frá dauðum* og síðustu árin hafa dauðsföll af völdum alnæmis verið fátíð hér á landi. Það tók hiv-jákvæða nokkurn tíma að átta sig á þessum nýju aðstæðum og því að kraftaverkið hafði raunverulega átt sér stað. Fyrstu lyfjagjafirnar, áður en nýju lyfin komu, höfðu í för með sér miklar og alvarlegar aukaverkanir fyrir marga, en menn lifðu af! Seinni árin hefur lyfjameðferð þróast mjög til betri vegar og ekki er óalgengt að sjúklingar taki eina töflu á dag gegn hiv og það án teljandi aukaverkana. Lyfjameðferðir hafa tekið slíkum framförum að einstaklingar á vel samsettri meðferð eru ekki lengur smitberar. Það gerir tilveru hiv-jákvæðra svo sannarlega léttbærari, að vera á lyfjum sem halda veirunni svo vel í skefjum að þeir eru ekki lengur smitandi. Ímynd hiv og alnæmis verður væntanlega jákvæðari og sanngjarnari í framtíðinni, því það eru gömul og ný sannindi að þegar þekking og skilningur eykst, þá minnkar óttinn. Í ár lítur út fyrir

að það verði fæst greind hiv-tilfelli hér á landi allt frá upphafi mælinga árið 1983.

Fordómagrýlan hefur verið lífseig og má með sanni segja að hún hafi haft mótandi áhrif á líf hiv-jákvæðra, en það er nokkuð mismunandi hvernig einstaklingar hafa tekist á við aðstæður sínar í því samhengi. Baráttan gegn fordómum er eitt af meginverkefnum félagsins. Alla tíð hefur félagið reynt eftir megni að styðja og styrkja félaga sína sem eru smitaðir til að þeir geti lifað lífi sínu með reisn. Stuðningurinn felst ekki síst í því að styrkja sjálfsvitund þeirra einstaklinga sem hafa hiv í farteskinu. Í aldarfjórðung hefur skipulagt hópastarf verið unnið á vegum félagsins. Einstaklingsviðtöl eru í boði bæði hjá félagsráðgjafa og framkvæmdastjóra. Reglulega eru haldin málþing og námskeið um heilsu og velferð hiv-jákvæðra. Margir koma við í félagsmiðstöðinni á Hverfisgötunni og hitta aðra í svipuðum aðstæðum. Margt er gert til að þjappa hópnum saman. Haldin eru þorablót, farið er á veitingastaði, alþjóðlegi alnæmisdagurinn er haldinn hátíðlegur 1. desember og minningarguðsþjónusta er haldin árlega um þá sem látist hafa af völdum alnæmis. Samvinna við systurfélög á Norðurlöndum hefur verið mikilvægur þáttur í að miðla nýjungum til félagsmanna. Í þessu felst m.a. útgáfa fræðsluefnis og að samhæfa vinnu við baráttumál, sem eru nokkuð lík milli landa.

## **Fjölmiðlaumfjöllun þessa tíma ber þess merki hversu alvarlegir fordómar og mismunun skapaðist á þessum tíma gegn hiv-jákvæðu fólki.**

Samvinna og áhugi félagsmanna hefur verið grundvöllur þess að félaginu hefur tekist undanfarin 14 ár að halda úti víðtæku fræðslustarfi um hiv og alnæmi í öllum 9. og 10. bekkjum í grunnskólum landsins. Verkefnið er brýnt og þarf stöðugt að vinna að því. Markmið fræðslunnar er annars vegar að unglingar sýni sjálfum sér og öðrum fulla virðingu, bæði í kynlífsathöfnum sem og öðrum athöfnum. Hitt meginmarkmiðið er að vinna gegn fordómum, fordómum gegn ákveðnum sjúkdómum, fordómum sem byggjast á fáfræði. Fræðslu og upplýsingaskyldu félagsins hefur verið sinnt í formi viðtala við fjölda fólks. Margir námsmenn leita til félagsins, skipulögð fræðsla hefur verið í fangelsum og meðferðarstofnunum landsins og auk þess í háskólum og á öðrum stofnunum og vinnustöðum. Forvarnir á vegum félagsins fela jafnframt í sér að dreifa smokkum til einstaklinga og hópa. Verkefnið hefur notið velvild-



**Bergþóra Karlsdóttir hjúkrunarfræðingur, Einar Þór Jónsson framkvæmdastjóri Hiv Ísland og Sigurlaug Hauksdóttir félagsráðgjafi hjá Hiv Íslandi á góðri stundu.**

ar og fjárstuðnings frá Landlæknisembættinu og Mac snyrtivöruframtækni og ekki veitir af þar sem félagið er ekki fjársterkt.

Á 25 ára tímamótum er staldrað við og horft um öxl. Harmleikurinn sem var við það að buga okkur um tíma hefur að hluta til snúist til sigurs – sigurs sem er ekkert nema kraftaverk. Hiv Ísland hefur mörgu góðu fólki að þakka, við vorum svo sannarlega ekki ein á þessari vegferð. Við erum líka heppin að hafa notið góðrar þjónustu fagfólks smitsjúkdómadeildar, þar sem velvilji, fagmennska og virðing hafa verið höfð að leiðarljósi. Það væri nú frábær endir á tilþrifamikilli sögu hiv og alnæmis á Íslandi og verðugt markmið í sjálfu sér að málefnið hiv kæmust það vel í höfn að hægt væri að leggja Hiv Ísland niður!

Vegna 25 ára afmælishátíðar kemur Rauði borðinn mánudæi fyrr út í ár. Alþjóðlega alnæmisdagsins 1. desember í ár verður minnst í 26. skipti um allan heim. Í tilefni dagsins verður opið hús í félagsheimilinu Hverfisgötu 69, milli kl. 15:00 og 18:00. Rauði borðinn er merki félagsins og tákn um stuðning við hiv-jákvæða. Hann táknar jafnframt kröfu um fordómalaus umræðu um hiv. Merkið er til sölu og kostar kr. 1000.

25 ára afmælishátíð Hiv Ísland verður haldin laugardaginn 2. nóvember í Ráðhúsi Reykjavíkur og hefst kl. 14:00.

**Kæru vinir og velunnarar, verið hjartanlega velkomin.**

*Einar Þór Jónsson  
framkvæmdastjóri*

 **HIV ÍSLAND**



**Már Kristjánsson yfirlæknir smitsjúkdóma**

## LEITIN AÐ LÆKNINGU VIÐ HIV- SÝKINGU

Miklar framfarir hafa átt sér stað í meðferð HIV-sýkingar síðastliðin ár. Allt frá árinu 1996 þegar samsett lyfjameðferð kom fram hafa lífshorfur HIV-sýktra einstaklinga batnað. Í grein í Rauða borðanum árið 2011 sögðu undirritaður og Bergþóra Karlsdóttir hjúkrunarfræðingur frá því að dánarlutfall HIV-sjúklinga á Íslandi hefði fallið úr 30% þeirra sem greindust á árunum 1983 til 1996 í 4,6% þeirra sem greindust árin 1996 til 2011. Í dag er dánarlutfallið enn lægra eða 4% sjúklinga sem greinst hafa frá árinu 1996. Greinilegt er að á Íslandi, eins og víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum, fellur dánartíðni af völdum HIV-sýkingar áfram. Þetta þýðir í raun og veru að þorri þeirra sem eru á meðferð við HIV-sýkingu á Íslandi ná góðum árangri. Það sést á því að veirumagn viðkomandi einstaklings er ómælanlegt. En hvað táknar það? Er viðkomandi einstaklingurinn þá læknaður?



Í dag er talað um tvennskonar lækningu gegn HIV-sýkingu. Annars vegar *starfrænn bati* (e. functional cure) sem felst í að veirumagn er ógreinanlegt eða lítt greinanlegt í blóði einstaklingsins. Sé horfið frá veirulyfjagjöf undir slíkum kringumstæðum fjölgar veiran sér og birtist á ný í blóði viðkomandi einstaklings. Hins vegar er talað um *fullnaðarbata* (e. sterilising cure). Í þessu hugtaki felst að allri HIV-veiru á hvaða formi sem hún er í líkama einstaklingsins þar með talin dulin veira (e. latent virus) er útrýmt. Hér á eftir verður greint frá hugmyndum vísindamanna um leiðir til að ná fullnaðarbata fyrir HIV-sýkta einstaklinga.

Forsenda þess að skilja aðferðir til að ná fullnaðarbata í HIV-sýkingu er að þekkja feril HIV-veirunnar við að sýkja frumur líkamans. Þegar HIV-veiran berst inn í líkamann sýkir hún einkum eítílfrumur sem nefnast T-eítílfrumur, sér í lagi með eggjahvítusameindir á yfirborði sínu sem nefnast CD4 og kemókín (t.d. CXCR4 og CCR5). HIV-veiran tengist þessum sameindum, smokrar sér inn í frumuna, breytir erfðafni sínu úr RNA í DNA sem síðan tekur sér bólfestu í erfðafni eítílfrumunnar. Sýkt eítílfruma getur síðan framleitt veirur sem fara frá kjarna á yfirborð frumunnar og seytast út úr henni. Nýjar veirur sýkja aðrar frumur

## Greinilegt er að á Íslandi, eins og víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum, fellur dánartíðni af völdum HIV-sýkingar áfram.

með CD4 og kemókín eggjahvítusameindir á yfirborði sínu og síðan koll af kalli. Fruma með erfðafni HIV í eigin genamengi er sögð vera með dulda sýkingu (e. latently infected). Núverandi samsett lyfjameðferð gegn HIV-sýkingu verkar ekki á frumur með dulda sýkingu. Þ.e.a.s. hún nær ekki að losa eítílfrumuna við erfðafni veirunnar úr kjarnanum en kemur í veg fyrir að veiran fjölgi sér.

Í dag er vitað um 2 einstaklinga sem taldir eru hafa læknað af HIV-sýkingu. Hugsanlegt er að tveir til viðbótar hafi einnig læknað en tíminn mun leiða það í ljós. Fyrsti sjúklingurinn læknaðist í kjölfar beinmergsígræðslu vegna hvítblæðis (Berlínarsjúklingurinn). Nýi beinmergurinn innhélt stökkbreytingu sem breytir kemókíninu CCR5 og kom þannig í veg fyrir að veiran gæti komist inn í eítílfrumurnar. Þekkt er að þessi stökkbreyting getur varið einstaklinga gegn HIV-sýkingu. Sjúklingur númer tvö er barn sem fæddist móður



sem greindist með HIV-sýkingu seint í meðgöngu. Bæði móðir og barn fengu kröftuga HIV-meðferð. Barnið læknaðist að því er talið vegna þess hve snögglega eftir frumsýkingu veirumeðferðin hófst. Sjúklingar þrjú og fjögur fóru í beinmergsskipti vegna hvítblæðis. Í hvorugt skiptið var nýr beinmergur með stökkbreytingu í CCR5. Sjúklingar þrjú og fjögur hafa verið til skoðunar í Bandaríkjunum en ekki liggur fyrir nægjanlega langur tími frá því að veirumeðferð var hætt til að unnt sé að segja að fullnaðarbata hafi verið náð.

Þessir einstaklingar sem greint er frá hér að framan hafa náð fullnaðarbata (a.m.k. tveir fyrstu). Er mögulegt að beita beinmergsjöf hjá fleiri einstaklingum eða hefja meðferð nægjanlega snemma eins og í tilfelli nýfædda barnsins? Það verður að teljast óhugsandi að slíkt sé mögulegt. Hins vegar sanna þessi tilfelli að möguleiki á fullnaðarbata er fyrir hendi. Aðeins þarf að skilja hvernig unnt sé að ná sams konar árangri hjá þorra þeirra sem sýktir eru.

Þá kemur að því hvort og þá hvernig unnt sé að hreinsa (e. purge) frumur sem eru með dulda HIV-sýkingu, eins og áður er greint frá, af HIV-veirunni?

Það eru nokkrar leiðir sem vísindamenn eru að reyna til að ná framangreindu markmiði. Sú fyrsta felst í því að gefa lyf sem að örva framleiðslu veira úr frumum með dulda sýkingu. Nú þegar eru fjórar rannsóknir í gangi með nokkur lyf ásamt hefðbundnum HIV-veirulyfjum. Það verður spennandi að fylgjast með árangri þessara rannsókna á næstu árum. Önnur leið sem farin er grundvallast á vitneskju frá Berlínarsjúklingnum. Þetta er gena-lækning þar sem að reynt er að hafa áhrif á tjáningu CCR5 gensins í sjúklingum. Ein slík rannsókn í fasa

1 (fyrsta stig rannsókna í lækningalegum tilgangi) hófst á þessu ári. Þriðja leiðin sem verið er að kanna eru áhrif sérhæfðra bóluefna til að virkja sérhæfðar drápsfrumur til að ráðast á frumur með dulda HIV-sýkingu. Beðið er niðurstöðu fyrstu slíkrar rannsóknar með eftirvæntingu en inntöku sjúklinga í rannsóknina lauk í vor.

Þá er einnig verið að skoða aðferðir til að minnka áhrif á ræsingu ónæmiskerfisins hjá HIV-sýktum einstaklingum. Við HIV-sýkingu virkjast ónæmiskerfið á afar víðtækan hátt. Áhrifarík veirumeðferð leiðir til að HIV-magn í blóði verður ómælanlegt eins og áður hefur komið fram (starfrænn bati). Þar með minnkar virkjun ónæmiskerfisins að mestu en ekki að öllu leyti. Það er talið að þessi óparfa virkjun ónæmiskerfisins sé sjúklingum með HIV-sýkingu skaðleg þegar til langs tíma er litið og stuðli að ýmsum langtímahjáverkunum HIV-sýkingar. Hér er ekki beinlínis verið að skoða lækningu heldur aðferðir til að minnka áhrif veirunnar hjá sjúklingum með starfrænan bata. Rannsóknaniðurstöður eru væntanlegar um áhrif nokkurra lyfja eða sértækra efna á umframvirkjun ónæmiskerfisins í þessum sjúklingum.

Að síðustu velta vísindamenn fyrir sér hvaða máli skipti fyrir framvindu HIV-sýkingarinnar hvenær eftir frumsýkingu veirulyfjameðferð er hafin. Hefur það áhrif á stærð hóps fruma sem er með dulda sýkingu hvort veirulyf eru gefin strax samanborið við síðar? Það virðist vera að því fyrr eftir frumsýkingu sem meðferð er hafin takmarkist útbreiðsla sýkingarinnar innan líkamans. Þar með verða færri frumur með dulda sýkingu borið saman við einstakling sem ekki fær meðferð í byrjun sýkingar. Vandamálið hér er að til þess að hafa áhrif þarf að grípa mjög fljótt inn með meðferð, á stigi þegar fæstir vita að þeir eru smitaðir en þetta er verið að skoða.

Það má vera ljóst af því sem að framan greinir að gríðarlega mikil þekking hefur safnast saman um HIV-sýkingu og meðferð hennar. Einnig ætti að vera ljóst að mikils er að vænta fyrir sjúklinga af þeim rannsóknum sem eru í gangi. Við væntum þess að sjá möguleika á að ná fullnaðarbata fyrir sem flesta einstaklinga sem fá HIV-sýkingu. Það eru spennandi tímar í vændum.

## ALNÆMISSJÓÐUR MAC

Alnæmissjóður MAC var stofnaður árið 1994 af Frank Angelo og Frank Toskan, stofndum MAC Cosmetics. Sjóðurinn er hjartað og sálin í MAC. Tilgangur hans er að styðja karla, konur og börn um allan heim sem smitast af hiv/alnæmi. Sjóðurinn styrkir einnig fræðslu- og forvarnaverkefni sem beinast að því fólki á hverjum stað sem eru í mestri hættu að smitast af hiv.

Alnæmissjóður MAC hefur frumkvæðið að fræðslu og forvörnum á svæðum sem hafa til þessa notið lítils stuðnings. Sjóðurinn styður mörg ólík samtök um allan heim, sem bjóða upp á margs konar þjónustu til þeirra sem eru hiv-smitaðir. Með þessu reynir hann að brúa bil fátæktar og sjálfsagðra mannréttinda.

Styrktarsjóður MAC er sá þriðji stærsti í heiminum sem leggur þessum mála-flokki liðsinni sitt. Tveir stærstu sjóðirnir eru á vegum lyfjafyrirtækja.

**Allt** söluandvirði Viva Glam varalita og glossa rennur til sjóðsins. Hingað til hafa verið framleiddar 4 tegundir varalita og 2 tegundir glossa. Hver ný Viva Glam herferð byggir á stuðningi fræga fólksins úr heimi lista- og tónlistarfólks sem leika lykilhlutverk í að fræða almenning um hiv-smit og alnæmi.

Framlag MAC á Íslandi hefur verið eyrnamerkt fræðsluverkefni Hiv Ísland, þar sem farið hefur verið í alla grunnskóla landsins með fræðslu. Forvarnastarf þetta miðar að því að kenna börnunum okkar að þau hafi val um öruggt kynlíf. Fræðslufulltrúar Hiv Ísland sem sinna þessu forvarnastarfi eru flestir hiv-jákvæðir og tala því út frá eigin reynslu.





Snyrtivörufyrirtækið MAC er stór styrktaraðili forvarnarstarfsins gegn hiv. Hagnaður af Viva Glam varalitinum rennur í forvarnarsjóð um allan heim



# VIÐ ÞÖKKUM STUÐNINGINN

## Reykjavík

73 restaurant  
A. Margeirsson ehf  
Aðalvík ehf  
Arev verðbréfafyrirtæki hf  
Argos Arkitektastofa  
Athygli ehf  
Auglýsingastofan ENNEMM  
Auglýsingastofan Korter ehf  
Aurum ehf  
Álfabjarg ehf  
ÁM-ferðir ehf  
Árbæjarapótek ehf  
Árni Reynisson ehf  
Ásdís Sigurðardóttir  
B. Ingvarsson ehf  
B. Árnason, byggingaþjónusta ehf  
Betri bílar ehf, s: 568 1411  
Bílalíf ehf, bílasala  
Bílasmiðurinn hf  
Bílavíðgerðir  
Björnsbakarí ehf  
Blaðamannafélag Íslands  
Boozt bar  
Bókaútgáfan Örn og Örlýgur ehf  
Bókhaldsþjónusta Gunnars  
Brauðhúsið ehf  
Breiðan ehf  
Brúskur, hársnyrtistofa  
s: 587 7900  
BSRB  
Búseti svf  
Curvy, tiskuverslun  
D&C ehf  
Danica sjávarafurðir ehf  
Delí ehf  
Drengsson pics ehf - drengsson.is  
E.F. Ben ehf  
E.T. ehf  
Efling stéttarfélag  
Eggert B. Ólafsson hdl  
Eignamiðlunin ehf  
Eignaumsjá ehf  
Einar Jónsson, Skipaþjónusta  
Eldhús sælkerans ehf  
Elmir-teppaþjónusta ehf  
EÓ-Tréverk sf  
Ernst & Young hf  
Fasteignasalan Garður ehf  
Fastus ehf  
Faxaflóahafnir sf  
Fást ehf  
Felgur smíðja ehf  
Ferðaskrifstofan VITA  
Félagsbústaðir hf  
Fjárhagsþjónustan ehf  
Fjölbrautarskólinn í Breiðholti  
Fossar, tryggingar og ráðgjöf ehf  
Fossberg ehf  
Fraktflutningar ehf  
Fríkirkjan í Reykjavík  
Frjó Quatro ehf  
Fylgifyskar ehf  
G & K Seafood ehf  
Garðs Apótek ehf

Gjögur hf  
Gleraugnaverslunin Sjón ehf  
GP-arkitektar ehf  
Grandavör ehf  
Grænir hælur ehf  
Guðmundur Jónasson ehf  
Gullkúnst Helgu skartgripaverslun  
Gullsmiður Eyjólfur Kúld  
Gullsmiðurinn í Mjódd  
Gunnar Eggertsson hf  
Hamborgarabúlla Tómasar  
Hamborgarabúllan Bildshöfða 18  
Hár Class hársnyrtistofa  
Hár og heilun ehf  
Heimsbílar ehf  
Herrafataverslun Birgis ehf  
Herrafataverslun Kormáks og Skjalda  
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns ehf  
Hljóðfæraverslun Pálmars Á ehf  
HM Bókhald ehf  
Hópfærðabílar Snælands Grímssonar ehf  
Hópfærðarþjónusta Reykjavík ehf  
Hótel Óðinsvé  
Hótel Viðey ehf - 4th Floor Hotel  
Hreyfimyndasmíðjan ehf  
HS smíðar ehf  
Hugsmiðjan ehf  
Húsafl sf  
Höfðakaffi ehf  
Höfði eignarhaldsfélag ehf  
IBH ehf  
Iceland Seafood ehf  
Iðnó ehf  
Init ehf  
iStore í Kringlunni  
Íslensk endurskoðun ehf  
Íslensk erfðagreining  
Íþróttafélagið Fylkir  
JE Skjanni ehf byggingaverktakar  
Jóhann Hauksson, trésmíði ehf  
JP Lögmenn ehf  
K. Pétursson ehf  
Kaffi Roma  
Karína ehf  
Kirkjugarðar Reykjavíkur-  
prófastsdæma  
Kjöreign ehf, fasteignasala  
Kjöthöllin ehf  
Kraum - íslensk hönnunarverslun  
Krúska ehf  
Kvikk þjónustan ehf  
Lagnalagerinn ehf  
Landssamtök lífeyrissjóða  
Lionsumdæmið á Íslandi  
Listvinahúsið, leirkerasmíði  
Litir og fönður, Skólavörðust. 12  
& Smíðjuvegi 5  
Loftstokkahreinsun.is, s: 567 0882  
& 893 3397  
LOG lögmansstofa sf  
Lyfjaver ehf  
Löndun ehf  
Mandat lögmansstofa

Matthías ehf  
Málarameistarar ehf  
Mila ehf  
Mjólkursamsalan ehf  
Mosaik ehf  
Mæðrastyrksnefnd Reykjavík  
Nína Pálsdóttir, tannlæknir  
Nói-Síríus hf  
Núðluskálin  
Nýi ökuskólinn ehf  
Næsti bar  
Obladí ehf - Bítlabar  
Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir  
Orginal ehf, úraframleiðandi  
Orkuvirki ehf  
Ó. Johnson & Kaaber ehf  
Ósal ehf  
Papyrus innrömmun  
Pixel ehf  
Pottþétt ehf  
Promennt ehf  
Rafey ehf  
Rafgjafinn ehf  
Rafha ehf  
Rafsvið sf  
Rafver hf  
Reimaþjónustan-Reimar og bönd ehf  
Reki ehf  
Renniverkstæði Ægis ehf  
Reykjavíkur Apótek  
Reykjavíkurborg  
Réttingaverk ehf  
Rikki Chan ehf  
Rossopomodoro, veitingastaður  
Salli ehf  
Salon VEH  
Samhjálp  
Samleið ehf  
Sálfræðiþjónusta-Wilhelm Norðfjörð ehf  
Seljakirkja  
Sena ehf  
SFR stéttarfélag í almannas-  
þjónustu  
SHV pípulagningaþjónusta ehf  
Silfurmúr ehf  
SÍBS  
Síma- og tölvulagnir hf  
Skilvís ehf  
Skolphreinsun Ásgeirs sf  
Skóverslunin Bossanova  
Skóvinnustofa Halldórs Guð-  
björnssonar  
Skúlason og Jónsson ehf  
Slökkvilið höfuðborgar-  
svæðisins bs  
SM kvótaþing ehf  
Smurstöðin Klöpp ehf  
Snóker- og Poolstofan  
Sportís ehf  
Sprettur - þróun og stjórnum ehf  
Sproti ehf  
Stansverk ehf

Starfsmannafélag Reykjavíkur  
Stólpi-gámar ehf  
Suzuki bílar hf  
Sveinsbakarí  
SVP-Samtök verslunar og þjónustu  
Sægreifinn  
Sævon ehf  
Sögn ehf  
Söngskólinn í Reykjavík  
Tannlæknastofan Mörkin 6 sf  
Tannréttingar sf  
Tannsmíðjan Króna sf  
Teiknistofan Arkitektar  
Thailenska eldhúsið ehf  
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði  
Undirföt.is  
Útfararstofa kirkjugarðanna ehf  
Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar  
V.R.  
Vals tómatsósa ehf  
Veidþjónustan Strengir  
Verkfræðistofan Skipatækni ehf  
Verkfræðiþjónusta GGP sf  
Verslunartækni ehf  
Verslunin Fríða frænka  
Viðlagatrygging Íslands  
Virtus endurskoðun  
www.prentari.is  
Þakpappaþjónustan ehf  
Þín verslun ehf  
Þróunarfélag Íslands ehf  
Ögurvík hf  
Ökumennt ehf  
Ökuskólinn í Mjódd ehf  
Ölver

## Seltjarnarnes

Horn í horn ehf, parketlagnir  
Nesskip hf  
Seltjarnarneskirkja  
Sjávarsyn ehf

## Vogar

Selhöfði ehf

## Kópavogur

ALARK arkitektar ehf  
Allianz á Íslandi hf  
AP varahlutir ehf  
Ásborg slf  
Bára Sigurgeirsdóttir  
Bílaklæðningar hf  
Blikkform ehf  
Borgargarðar ehf, skrudgarða-  
þjónusta  
Brotafn ehf  
BSA varahlutir ehf  
Farice ehf  
Hákon Bjarnason ehf  
Hefilverk ehf  
Hlynur, grafísk hönnun  
Íslandsspil sf

# Banni aflétt af vinnuþátttöku heilbrigðisstarfsmanna á Bretlandi

Frá og með næsta ári verða engar hömlur lagðar á vinnu hiv-smitaðra heilbrigðisstarfsmanna er starfa í Skotlandi, Englandi eða Wales, svo framarlega sem þeir eru á veirulyfjameðferð.

Gildir þá einu við hvað þeir vinna, hvort það eru skurðaðgerðir, tannlækningar eða almenn heilsugæsla. Með þessu er loks aflétt takmörkunum sem hafa verið við lýði síðan um miðjan 9. áratug síðustu aldar – takmarkanir sem settar voru til að sjúklingar yrðu ekki útsettir fyrir mögulegu smiti.

Eftir nána skoðun bresks sérfræðingahóps, kom í ljós að ALDREI nokkurn tíma hefur komið til slíks smits innan breska heilbrigðiskerfisins. [Innslag þýðanda: Aðeins er vitað um sex tilfelli í öllum heiminum þar sem sannað þykir að smit hafi borist frá heilbrigðisstarfsmanni til sjúklings – og í öllum tilfellum var viðkomandi EKKI á lyfjameðferð!]. Því er það niðurstaða landlæknis í Bretlandi að hömlur á vinnu hiv-smitaðra starfsmanna séu með öllu ónaðsynlegar – og að tímabært sé að kasta úreltum verkreglum fyrir róða.

Breski landlæknirinn, frú Sally Davies, segir að nú sé tímabært að taka upp nútímalegri vinnubrögð og að viðhorf samfélagsins til hiv-smitaðra þurfi nú að breytast. „Fólk þarf að átta sig á því að málið snýst um hvort þeir sem hafi smitast séu raunverulega smitberar – en ekki hvort þeir beri veiruna í sér eður ei.“ segir Sally.

Nú á tímum ætti öllum að vera ljóst að fólk sem smitað er af hiv má búast við að eiga langt og innihaldsríkt líf, rétt eins og annað fólk – og að ekki sé hætt á smiti til maka né nokkurs annars, svo lengi sem lyfjatöku sé fylgt.



Talið er að innan við 130 heilbrigðisstarfsmenn á öllum Bretlandseyjum séu hiv-smitaðir og svo lengi sem þeir eru á viðeigandi lyfjameðferð og undir eftirliti lækna, þá sé fullkomlega eðlilegt að þeir fái að stunda sína vinnu eins og aðrir starfsmenn innan kerfisins.

*Þýtt og endursagt úr greinum í fréttamiðlunum Guardian og BBC - Jón Tryggvi*



# Mikið vatn til sjávar runnið!

Eins ótrúlega og það hljómar árið 2013, þá tíðkaðist fram til ársins 1992 að setja lík þeirra sem dóu úr alnæmi í lokaða poka og síðan var líkkistan boltuð vandlega aftur. Rökin voru þau, að verið væri að koma í veg fyrir smithættu. Aðstandendur fengu þar af leiðandi ekki að kveðja hinn látna á videigandi hátt með kistulagningu og samverustund eins og gengur og gerist. Allir sem hafa misst náinn ættingja eða vin, geta gert sér í hugarlund hversu skelfileg reynsla þetta hefur verið.

Góðir menn börðust fyrir því að þessu yrði breytt, enda var orðið vitað hvernig veiran smitaðist og hvernig hún

smitaðist ekki. Fundað var með smitsjúkdómalæknum og öðrum þeim sem málið varðaði og að lokum var þessari vinnureglu aflétt stuttu síðar.

Fyrir hiv-jákvæða í dag er það góð áminning að muna hversu hversu mikið vatn hefur til sjávar runnið, þrátt fyrir allt, frá því þessi hugleiðing var skrifuð.

Febrúar 1992

## Líkin sett í poka - kistulokin boltuð niður

Já þetta eru hrikaleg orð, en engu að síður sannleikur í þeim falinn. Ég hafði af því fregnir að aðstandendur látinna alnæmisjúklinga hefðu komið að lokuðum kistum ástvina sinna við kistulagningu og hafi sjúklingur dáið heima, þá hafi aðstandendum verið tjáð að þetta væri í síðasta sinn sem þeir sæju viðkomandi látinn einstakling. Mér fannst þetta heldur napurleg tíðindi, sem sýna hversu stutt við erum komin í vitneskjunni um þennan sjúkdóm - eða öllu heldur hversu stutt fulltrúar heilbrigðismála hér á landi eru komnir í vitneskjunni um þennan sjúkdóm. Ég hef það fyrir satt að stafi einhver smithætta af lifandi einstaklingi með alnæmi, þá er hún engin af látnum einstaklingi sama sjúkdóms. Þannig að ég fór á stúfana og hafði samband við nokkra aðila (s.s. kirkjugarðana, prest) en fékk frekar óákveðin svör, en samt sem áður staðfestingu á að þessir hlutir hafa gerst, nú síðast í janúar sl. Síðan gerist það að Sigurður Guðmundsson læknir á Borgarspítalanum fréttir af þessu brambolti mínu og hefur samband við mig. Hann ætlar að halda fund með læknum, útfararstjórum og öðrum sem málið viðkemur upp úr miðjum febrúar, til þess að fá þessu breytt - því öll viljum við farsælan endi - hvort heldur á máli sem þessu eða lífinu sjálfu ■

## Útlönd



„Þetta má ekki það er alveg ljóst,“ í Fossvogskirkjug voru til að ná í lík fyrir rúmum tveim var enginn læknir að við gengum frá lí an hátt. Nú vorum að fréttu að hér he ræða lík af nýlátnum Þetta er ófyrirgefa okkur og fjölskyldun Starfsmennirnir flu kvæmt venju í Fossv sem búið var um það klætt í líkklaði og kistu.

## Liberace

Píanóleikarinn og skemmtikrafturinn Libe kistan var borin hinna spólinn að fjölsky Líkkoðari þess opinbera hefur nú látið látist af völdum lungnabólguafbrigðis he líkkoðarinn hugsanlegt að Liberace hafi arinn gagnrýnt yfirvöld í Hollywood fyri farsótt, væri flutt á milli umdæma. Umboðsmenn skemmtikraftsins höfðu berace á banasængina, hafi í raun á líkamans. Læknar höfðu og lýst því yfi

## Líkflut

„Ég get tekið undir að þessir menn hefðu átt að fá fræðslu um að þeir væru ekki í neinni smithættu við líkflutninga. Það gilda sömu reglur um flutning þeirra er látist hafa úr eyðni og annarra,“ sagði Haraldur Briem smitsjúkdómalæknir.

Í DV í gær var sagt frá áhyggjum starfsmanna kirkjugarða Reykjavík-urprófastsdæmis sem sendir voru til að ná í lík ungs manns er látist hafði úr eyðni fyrir skömmu:

„Þetta má ekki koma fyrir aftur... Við teljum það lágmarkskröfu að fá

Líkflutningamenn með látinn eyðnisjúkling í höndunum:

# Ófyrirgefanlegt gagnvart okkur og fjölskyldum okkar

- segja starfsmenn kirkjugarðanna



Við teljum það lágmarkskröfu að fá að vita hvenær við erum að fást við eyðnisjúklinga, segja starfsmenn kirkjugarðanna.

„Við teljum það lágmarkskröfu að fá að vita hvenær við erum að fást við eyðnisjúklinga og hvenær ekki. Þegar fyrsti eyðnisjúklingurinn lést hér á landi í fyrra var kista send á Borgarspítalann og þar sáu starfsmenn spítalans um að koma líkinu fyrir. Hér hafa hins vegar orðið einhver mistök,“ sögðu starfsmennirnir. Ásbjörn Björnsson, forstjóri kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis, sagðist ekki kannast við neina óánægju meðal starfsmanna sinna vegna þessa: „Við erum bundnir þagnarheiti hér hjá kirkjugarðunum. Ég segi ekki neitt.“

-EIR

ekki koma fyrir aftur, jóst.“ sögðu starfsmenn kirkjugarði sem sendir í lík í hús í Reykjavík tveimur vikum. „Það eknir í húsinu þannig frá líkinu á venjulegum forum við hins vegar er hefði verið um að ítnum eyðnisjúklingi. rgefanlegt gagnvart yldum okkar.“ úr fluttu líkið sam- Fossvogskapellu þar á það til grefrunar, og komið fyrir í

## Liberaçe með eyðni

Liberaçe var til moldar borinn um helgina og var þessi mynd tekin þegar fjölskyldugrafreitnum í Hollywood-hæðum á laugardag. Látið frá sér fara tilkynningu þar sem hann heldur því fram að Liberaçe hafi þis sem hann hafi fengið vegna þess að hann hafi verið með alnæmi. Telur e hafi gengið með alnæmi svo mánuðum eða jafnvel árum skipti. Hefur líkskoð- d fyrir að láta afskiptalaust að lík manns, sem andast hafi úr svo alvarlegri höfðu alfarið borið til baka oröskvitti um að hinir ýmsu kvillar, sem lögðu Li- un átt rætur að rekja til eyðni-sjúkdómsins sem brýtur niður ónæmisvarnir vi yfir að dánarorsökin væri hjartaslag í kjölfar heilaskaða.

Símamynd Reuter

Eyðni:

# Líkflutningamenn ekki í smithættu

- segir Haraldur Briem smitsjúkdómalæknir

## Ófyrirgefanlegt gagnvart okkur og fjölskyldum okkar

- segja starfsmenn kirkjugarðanna

„Þetta má ekki koma fyrir aftur. Það er alveg ljóst.“ sögðu starfsmenn Fossvogskirkjugarði sem sendir

„Við teljum það lágmarkskröfu að fá að vita hvenær við erum að fást við eyðnisjúklinga og hvenær ekki. Þegar fyrsti eyðnisjúklingurinn lést hér á landi í fyrra var kista send á Borgarspítalann og þar sáu starfsmenn spítalans um að koma líkinu

að vita hvenær við erum að fást við eyðnisjúklinga og hvenær ekki...Þetta er ófyrirgefanlegt gagnvart okkur og fjölskyldum okkar,“ sögðu starfsmennirnir í DV í gær.

Haraldur Briem sagði að þessi mál hefðu ekki verið rædd sérstaklega meðal lækna enda ekki ástæða til:

„Líkflutningamenn eru ekki í smithættu svo framarlega sem þeir fá ekki á sig vessa úr líkinu og það gerist aldrei,“ sagði Haraldur.

-EIR

„Ófyrirgefanlegt,“ sögðu kirkjugarðsstarfsmenn í DV í gær.

## Ekkert eftirlit er með kynlífi eyðnisjúklinga

- grunsemdir um verulegt fjölyndi nokkurra

# Að þerra tár berhentur

eftir Héðin Halldórsson



Jonas Gardell

„Markmið mitt var að rjúfa þögnina um hiv og alnæmi, og ég er bæði undrandi og glaður yfir þeim móttökum sem bækurnar hafa fengið.“ Þetta eru orð Jonasar Gardells, höfundar þrileiksins *Ástin*, *Sjúkdómurinn* og *Dauðinn*; um það hvernig sænskt samfélag tókst


á við hiv og alnæmi fyrir um tveimur áratugum.

## Varða á lengri veg

Gardell hefur tekist að rjúfa þögnina svo um munar. Sænskir fjölmiðlar hafa lýst þrileiknum sem uppgjöri, sorgarferli og áfellisdomi yfir sænsku samfélagi. Síðan bækur Gardells komu út hafa Svíar gengist undir naflaskoðun, horfst í augu við að það sem var samfélag þeirra þá, fyrir hreint ekki svo löngu síðan og er lýst í þaula í þrileiknum, er í dag svartur blettur í sögunni. Og það er vert að hafa í huga að þessum tíma er hvergi nærri lokið. Saga aðalpersónununnar Rasmusar er nefnilega samtímasaga, og þeir atburðir sem Jonas Gardell lýsir eru nálægir, og aðeins varða eða skref á lengri göngu. Það vita þeir sem þekkja til veruleika hiv-jákvæðra og alnæmissmitaðra á Norðurlöndum í dag. Verk Jonasar Gardells er þess vegna hollur lestur sem á brýnt erindi. Gardell hefur lyft grettistaki og opnað augu fólks fyrir tíma sem flestir vildu eflaust gleyma.

## Hvernig titillinn kom til

Sjaldan les maður bækur sem eru jafngrimmar og fallegar. Sjálfst heiti þrileiksins, *Þerraðu aldrei tár án hanska*, er grimmt þegar það rennur upp fyrir manni, á fyrstu síðum bókarinnar, hvað liggur að baki. Hjúkrunarfólki sem annaðist alnæmissjúklinga í einangrun á sjúkrahúsum í Stokkhólmi snemma á níunda áratugnum var fyrirskipað að taka ekki af sér hlífðarhanskana undir nokkrum kringumstæðum, við umönnun sjúklinganna. Í sögu Gardells er ágústkvöld, en sumarið hefur ekki náð





að brjóta sér leið inn um lokaða glugga sjúkrahússins. „Í rúminu liggur ungi maðurinn og starir beint upp í loft. Hann svitnar og hann grætur en hann segir ekkert. Inni hjá honum eru ein eldri hjúkrunarkona og önnur yngri aðstoðarstúlka. Sú eldri hefur unnið á Roslagstulls-smit-sjúkdómasjúkrahúsinu í mörg ár. Sú yngri er nýbyrjuð. Þær eru báðar í gulum hlífarsloppum, með hanska og maska. Þær hjálpast að við að skipta um umbúðir á einu af legusárum mannsins og unga aðstoðarstúlkan tekur um stund af sér skítugu hanskana ... Skyndilega hallar hún sér fram yfir unga manninn í rúminu og þessar sem snöggvast tárin á vöngum hans með handarbakinu. Hún gerir það án þess að hugsa, af eigin hvötum, af löngun til að sýna samúð og samkennd.“

### Sjálfskoðun áratugum síðar

Skömm, stolt, léttir og depurð, eru allt tilfinningar sem fyrsta bindi þrileiksins, *Ástin*, kallar fram. Bókin er minnisvarði um tíma. Ég man sjálfur þegar umræðan um hiv hófst í íslenskum fjölmiðlum á níunda áratugnum. Og ég man eftir orðinu *eyðni*; orði sem var útrýmt úr málinu eftir stutta viðkomu. Saga orðsins í íslensku máli vitnar um viðhorf sem til allrar hamingju er að mestu horfið. Í fyrstu þótti orðið við hæfi, það var gagnsætt og þetta var það sem sjúkdómurinn gerði; eyddi fólki, eða réttara sagt, eyddi hommum. Fljótlega kom fræðsla, forvarnir og meðhöndlun. Orðið stóðst hvorki skoðun né tímans tönn, var litad; rangnefni. Og nú heitir sjúkdómurinn *alhvæmi*. Sú naflaskoðun og umræða sem nú fer fram í Svíþjóð hefur líklegast ekki átt sér stað á Íslandi, en verk Jonasar Gardells er þarft innlegg, skapar umræðugrundvöll og kveður niður fordóma.

### Alþjóðleg viðurkenning

Síðan fyrsta bindi þrileiksins, *Ástin*, kom út, hefur verðlaunum rignt yfir höfundinn og verk hans. Gardell hefur verið kjörinn Stokkhólmsbúi ársins og Rödd ársins. Þegar hann vann titilinn Svíi ársins, sagði dómnefndin hann hafa minnt þjóð sína á, með áhrifaríkum en sársaukafullum hætti, að mannvirðing er aldrei



sjálfgefin, heldur þurfi að standa um hana vörð. Jonas Gardell hefur unnið til Menningarverðlauna Stokkhólms; Bellman-verðlaunanna 2013 og var í kjölfarið gerður að heiðursdoktor við Linköpingháskóla. Samtökin HIV-Svíþjóð hafa verðlaunað Gardell og þá tók hann nýverið við verðlauninum sem LGBT-persóna ársins, úr hendi Viktoríu krónprinsessu. Seinasta rósinn í hnappagat Gardells voru stóru hljóðbókaverðlaunin á bókamessunni í Gautaborg í lok september 2013. Bindin þrjú eru öll á metsölulistum í Svíþjóð og unnið er að



þýðingu á þrileiknum á fjölda tungumála, meðal annars á kínversku, pólsku og tyrknesku. BBC hefur tryggt sér sýningarréttinn að sjónvarpsþáttaröð sem gerð hefur verið eftir þrileiknum – og það hefur RÚV reyndar líka gert. Þættirnir unnu til Kristalsins, sænsku sjónvarpsverðlaunanna, sem besta sjónvarpsdramað.

### Þess vegna segi ég sögu

„Maður fær ekki að lifa lífi sínu aftur. Það sem sagt er frá í þessari sögu hefur gerst. Allt er satt. Ég var einn þeirra sem lifði af. Ég vildi rjúfa þögnina. Nú hef ég gert það.“ Þannig kemst Gardell að orði. Hann hefur lýst hvers vegna hann fann sig knúinn til að segja þessa sögu. Hann vildi að þeir látnu fengju sómasamlega minningu – að eftirlifendur fengju loksins að minnast ástvina sinna af stolti. Að þurfa ekki að bera harm sinn í hljóði. Og það hefur hann megnað. Að opna augu fólks. „Ég vil einhvern tíma á ævinni fá að elska einhvern sem elskar mig“, segir ein sögupersóna Jonasar Gardells; sjálfsgöð krafa sem þó er ekki sjálfgefið að öllum veitist. Svíar segja þrileik Jonasar Gardells hafa breytt Svíþjóð. Honum hafi tekist að endurskrifa söguna og vekja fólk til vitundar um mismunum, fordóma og fordómaleysi. Nú þurrki Svíar tár án hanska.

Fyrsta bindi þrileiksins, *Ástin*, er þegar komið út á íslensku í þýðingu Draumeyjar Aradóttur, en annað bindi, *Sjúkdómurinn*, kemur út 2. nóvember, á 25 ára afmælishátíð Hiv-Íslands. Útgefandi er bókaforlagið *Draumsýn*.

# VIÐ ÞÖKKUM STUÐNINGINN

JS ljósasmiðjan-Sláttuvéla-  
markaðurinn  
JSÓ ehf  
Klippistofa Jörgens ehf  
Libra ehf.  
Litalausnir málningarþjónusta ehf  
Loft og raftæki ehf  
Lyfja hf  
Lögmannsstofa Guðmundar  
Þórðarsonar  
Mannrækt og menntun ehf  
Nýmót ehf  
Rafholt ehf  
Rafis ehf  
Rafmiðlun hf  
Slot ehf  
Slökkvitækjaþjónustan ehf  
Tækniþjónusta Ragnars G  
Gunnarssonar ehf  
Tölvutækni ehf  
Vatn ehf  
Veitingaþjónusta Lárusar  
Loftssonar  
Viðskiptahúsið ehf  
www.listinn.is

## Gardabær

AÞ-Prif ehf  
Engilbert ÓH Snorrason tann-  
læknastofa sf  
Fitjaborg ehf  
Gardabær  
Geislatækni ehf-Laser-þjónustan  
H.Filipsson sf  
Hannes Arnórsson ehf  
Hvíta fjallið, kvikmyndagerð  
IMJ ehf  
K.C. Málun ehf  
Leiksvið slf  
Marás ehf  
Silfursmári ehf  
Toyota á Íslandi hf  
Úranus ehf  
Verktakafélagið Glaumur ehf  
Vörukaup ehf, heildverslun  
Öryggisgirðingar ehf

## Hafnarfjörður

Aðalskoðun hf  
Ás, fasteignasala ehf  
Ásafl ehf  
Beykireykt þorsklifur ehf  
Brammer Ísland ehf  
Byggingafélagið Sandfell ehf  
DS lausnir ehf  
Fínþússning ehf  
Flensborgarskólinn  
G. Ingason hf  
Gamla Vínhúsið-A. Hansen  
Garðafli ehf  
H. Jacobsen  
Hlaðbær-Colas hf, malbikunar-  
stöð  
Ísrör ehf  
Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf  
Kjartan Guðjónsson, tannlæknir

Krýsuvíkurskóli  
Netorka hf  
Pappír hf  
Rafrún ehf  
Rakarastofan Basic  
SBJ réttingar ehf  
SIGN ehf, skartgripaverkstæði  
Skerpa renniverkstæði  
Spennubreytar  
Stálorka  
Tannlæknastofa Harðar V  
Sigmarssonar sf  
Umbúðamiðlun ehf  
Útvík hf  
Veitingar og Dúkar slf  
Verkalýðsfélagið Hlíf  
Verkvik - Sandtak ehf  
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði  
Vélsmiðja Konráðs Jónssonar sf  
www.snati.is

## Reykjanesbær

Bilaverkstæði Þóris ehf  
Dacoda ehf  
DMM Lausnir ehf  
Dæluhúðun ehf  
Express ehf  
Fitjavík ehf  
Grímsnes ehf  
Klettasteinn ehf  
Paddys Irish pub  
Plastgerð Suðurnesja ehf  
Reiknistofa fiskmarkaða hf  
Rekstrarfélag Framtíðarinnar ehf  
Renniverkstæði Jens Tómassonar  
Reykjanesbær  
Samband sveitarfélaga á  
Suðurnesjum  
Snyrtistofan Dana ehf  
Suðurflug ehf  
Toyota Reykjanesbæ  
Verkfræðistofa Suðurnesja hf  
Verslunarmannafélag Suðurnesja  
Þvottahöllin ehf

## Grindavík

Hópsnes ehf  
Marver ehf  
Söluturninn Víkurbraut 62  
Veitingastofan Vör ehf  
Vísir hf

## Sandgerði

Flugfiskur hf  
Skinnfiskur ehf  
Sólplast ehf  
Þensla ehf

## Garður

GSE ehf

## Mosfellsbær

Dalsgarður ehf, gróðrastöð  
Fagverk verktakar sf  
Garðagróður ehf  
Mosraf hf

Múr og meira ehf  
Nonni litli ehf  
Nýja bílasmiðjan hf  
Smiðavellir ehf  
ÞS flutningar ehf

## Akranes

Brautin ehf  
Practica, bókhaldsþjónusta  
Runólfur Hallfreðsson ehf  
Skaginn-Þorgeir og Ellert  
Skessuhorn ehf-Fréttaveita  
Vesturlands  
Vignir G. Jónsson hf

## Borgarnes

Borgarbyggð  
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf  
Búvangur ehf  
Dýralæknjaþjónusta Vestur-  
lands ehf  
Ferðaþjónustan Nes, www.  
nesreykholt.is  
Hársnyrtistofa Margrétar  
J.K. Lagnir ehf  
Landbúnaðarháskóli Íslands  
Ræktunarstöðin Syðra-  
Lágafelli ehf  
Solo hársnyrtistofa sf  
Trésmiðja Pálma  
Vélaverkstæði Kristjáns ehf  
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf

## Stykkishólmur

Helgafellssveit  
Stykkishólmsbær  
Þórsnes ehf

## Grundarfjörður

Hótel Framnes  
RúBen ehf

## Ólafsvík

Fiskmarkaður Íslands hf  
Hringhotels-Hótel Ólafsvík  
Steinunn ehf  
TS Vélaleiga ehf  
Tölvuverk bókhaldsþjónusta slf  
Útgerðarfélagið Guðmundur ehf  
VK lagnir ehf

## Snæfellsbær

Búðakirkja  
Gistihúsið Langaholt ehf

## Hellissandur

KG Fiskverkun ehf  
Kristinn J Friðþjófsson ehf

## Reykholahreppur

Reykholahreppur  
Þörungaverksmiðjan

## Ísafjörður

Bilaverið ehf-Hjólbarðaverkstæði  
Ísafjarðar

Hamraborg ehf  
Ísafjarðarbær  
Ísfang hf  
Sjúkraþjálfun Vestfjarða  
Vestfirskir verktakar ehf

## Bolungarvík

Fiskihóll ehf  
Magnús Már ehf  
Ráðhús ehf  
Sérleyfisferðir Bolungarvík-  
Ísafjörður

## Patreksfjörður

Albína verslun  
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði  
Kikafell ehf

## Tálknafjörður

T.V. Verk ehf  
Tálknafjarðarhreppur

## Hólmavík

Strandabyggð

## Árneshreppur

Árneshreppur

## Hvammstangi

Skjanni ehf  
Veioðfélag Arnarvatnsheiðar og  
Tvídægur

## Blönduós

Hársnyrtistofan Gæjar og plúr  
lðnsveinafélag Húnvetninga  
Samstaða, skrifstofa verkalýðs-  
félaga  
Vilko ehf

## Skagaströnd

Skagabyggð  
Sveitarfélagið Skagaströnd  
Trésmiðja Helga Gunnarssonar ehf

## Sauðárkrókur

Fjölbrautaskóli Norðurlands  
vestra  
Héraðsbókasafn Skagfirðinga  
Kaupfélag Skagfirðinga  
Króksverk ehf  
Skagafjarðarveitur  
Skinnastöðin hf

## Varmahlíó

Akrahreppur Skagafirði  
Ferðaþjónustan Laufúni

## Siglufjörður

Allinn, sportbar  
Fjallabyggð  
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð  
SR-Vélaverkstæði hf



Alma Ómarsdóttir og Ingi R. Ingason

# SÖGULEG HEIMILDAMYND

Þegar hiv-samtökin á Íslandi voru stofnuð fyrir 25 árum var þekking manna á veirunni og sjúkdómnum takmörkuð, engin lækning var til og það jafngilti nánast dauðadómi að greinast hiv-jákvæður. Fordómar og hræðsla í samfélaginu var mikil, og sjúkdómurinn flokkaður sem sjúkdómur samkynhneigðra og sprautufíkla.

Barátta hiv-samtakanna hefur skilað ótrúlegum árangri í að vinna bug á þeim fordómum og viðhorfum sem fólk hafði til sjúkdómsins og þeirra sem hafa smitast. Engu að síður er viss leyndarhjúpur yfir hiv-jákvæðum og margir enn haldnir fordómum og ranghugmyndum um sjúkdóminn. Saga samtakanna hefur til þessa ekki verið rakin og í raun tiltölulega lítil opinber umfjöllun verið um samtökin, starf þeirra og tilgang. Saga fólksins sem lifir með sjúkdómnum, saga þeirra sem létust og aðstandenda þeirra hefur heldur ekki verið sögð nema að mjög takmörkuðu leyti.

Á 25 ára afmælisári hiv-samtakanna á Íslandi stendur til að gera heimildamynd um samtökin og sögu hiv á Íslandi. Alma Ómarsdóttir, fréttamaður, og Ingi R. Ingason, kvikmyndagerðarmaður, standa að framleiðslunni.

Alma er leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar en Ingi er framleiðandi.

Myndin mun byggjast að miklu leyti á viðtölum við meðlimi samtakanna og aðstandendur þeirra í nútíð og fortíð. Auk þess verður rætt við heilbrigðisstarfsmenn sem komið hafa að starfi samtakanna í gegnum tíðina. Sagan er mörkuð af sorgum og sigrum, von og ótta, en kannski fyrst og fremst af sterku fólki sem lét ótta og fordóma ekki stöðva sig.

Þeir sem hafa áhuga á að leggja verkefninu lið á einhvern hátt, til dæmis koma í viðtal og segja frá sinni upplifun, eða eiga myndefni sem gæti nýst við gerð myndarinnar, eru beðnir um að hafa samband við Ölmú eða Einar Þór, framkvæmdastjóra samtakanna.



# „Grænland er ekkert hlýlegt“

Þegar AIDS (acquired immune deficiency syndrome) nam land á Íslandi snemma á 9. áratug síðustu aldar fóru menn fljótlega að leita að íslensku orði yfir sjúkdóminn.

Á þessum tíma þrefuðu lækna, málfarsmenn, íslenskufræðingar og fjölmiðlamenn um hvaða íslenska orð ætti að nota um AIDS en fram til 1985 var oftast talað um *ónæmistæringu* eða *alnæmi*. Seinnipart árs 1985, stakk veðurfræðingurinn Páll Bergþórsson upp á því að notað yrði orðið *eyðni* og í kjölfarið risu deilur um hvort það væri gott heiti yfir sjúkdóminn. Dagblaðið DV greip fljótt á lofti þetta nýja orð og fór að nota *eyðni* í allri sinni umfjöllun.

Árið 1987 greindi tímaritið Heilbrigðismál frá könnun sem Hagvangur hafði gert meðal fólks á aldrinum 15-79 ára á því hvaða íslenska orð væri best að nota yfir sjúkdóminn AIDS. Í ljós kom að 62% svarenda, fannst að nota ætti orðið *eyðni* en 38% vildu nota orðið *alnæmi*. Niðurstöðurnar voru bornar undir málsmetandi Íslendinga, bæði lækna, málfræðinga og málfróða menn sem

fögnuðu því að orðið *eyðni* hefði haft betur en orðið *alnæmi*.

Haraldur Briem, Sigurður Guðmundsson og Sigurður B. Þorsteinsson, allir sérfræðingar í smitsjúkdómum, skrifuðu stuttu síðar grein í Heilbrigðismál og fleiri prentmiðla þar sem þeir hvöttu til að þess að orðið *alnæmi* yrði frekar notað yfir sjúkdóminn. Þeir færðu greinagóð rök fyrir sínu máli, sögðust geta skilið að orðið *eyðni* nyti meiri lýðhylli en *alnæmi*, enda væri það bæði „smellið og ismeygilegt“ en bentu jafnframt á að enginn þeirra Íslendinga sem völdu orðið *eyðni* fram yfir *alnæmi*, stunduðu einstaklinga sem smitaðir væru af alnæmisveirunni. Þeir sögðu jafnframt:

„Hins vegar höfum við orðið varir við það að orðið *eyðni* er einfaldlega ekki hægt að nota í samskiptum við þá sem hafa orðið fyrir þeirri ógæfu að smitast af alnæmisveirunni. Orðið er allt of órлагаþrungnið og dæmandi fyrir hina sýktu, sérstaklega þegar það er haft í huga að ekki er vitað hvort allir sem hafa hlotið smit muni fá lokastig sjúkdómsins eða alnæmi. [...] Þeir sem eru í hættu að fá alnæmi eða ganga með smit af völdum alnæmisveirunnar eru sem betur fer í miklum minnihluta. Af þeim sem spurðir voru í skoðanakönnuninni



MORGUNBLAÐIÐ, FIMMTUDAGUR 15. JANÚAR 1987

19

## Er alnæmi sama og heilnæmi?

eftir Pál Bergþórsson

Ekki vil ég halda því fram, að sú sé skoðun fjögurra lækna, sem skrifuðu í Morgunblaðið greinina *Alnæmi — eyðni* á sunnudaginn var. Þetta kynni samt einhverjum gárungum að detta í hug, þegar greinarhöfundar staðhæfa, að „bjartara“ sé yfir orðinu *alnæmi* en *eyðni*.

Svo sannarlega skyldi þessari veiki ekki valið óhugnanlegra nafn en ástæða er til. En það er misskiplingur, að viðfældinn hljómur orðs nægi til að gera það meintilíð í eyðni. Sjúklingar eru yfir

Því er best að setja hér fram skilgreiningar þessara orða. Um *alnæmi* nota ég orðréttu skýringu fjórmenninganna, en *eyðni* skilgreini ég eins og það orð var hugsað upphaflega.

*Alnæmi* einkennist af því, að sjúklingurinn getur „sýkst af nánast öllum örverum“, eins og fjórmenningarnir leggja áherslu á. Hér eiga þeir auðvitað við *eyðni* af versta tagi, þegar varnir líkamans eru brostnar og dauðinn er eina líknin. Sú „birta“, sem af orðinu stafar, kynni þá helst að vera bjarminn af dýrdarjóna þess himnaríkis, sem réttlátir menn telja aðe hlið aftir þetta líf.

„En hitt sjá líka málglöggir menn, að *eyðni* er alls ekki sama og *eyðing*, heldur viðleitni veirunnar að eyða varðfrumunum, viðleitni sem reyndar mistekst oftast nær.“

eyðniveiran hafi sest að þeim, þar sem hún vinnur ekki á varðfrumum líkamans. Færri eru hinir, sem fá nokkur einkenni sýkingar, en standast hana þó. Úr þeim eru flestir sem




Páll Bergþórsson

*eyðni* er alls ekki sama og *eyðing*, heldur viðleitni veirunnar að eyða

voru þeir yngstu hlynntari orðinu *alnæmi* enda kann sá hópur að verða í mestri hættu að smitast, ef illa fer. Það er von okkar að hinn heilbrigði meirihluti sýni minnihlutanum þá tillitssemi að hætta að nota orðið *eyðni* og noti þess í stað orðið *alnæmi* fyrir AIDS og láti þar með „orðadeilu“ þessari lokið.“

Bæði orðin *alnæmi* og *eyðni* hafa verið notuð síðan þessi „orðadeila“ átti sér stað fyrir 26 árum. Á vefnum *timarit.is* er hægt að nálgast greinar og fréttaumfjöllun helstu dagblaða og tímarita landsins og einföld rannsókn þar leiddi í ljós að orðið *eyðni* hefur aldrei náð sömu útbreiðslu í prentmiðlum eins og *alnæmi*. Sem betur fer.

Þegar horft er til baka virðist þessi orðadeila undarleg. Hvernig stóð á því að sérfræðingar í smitsjúkdómum sem höfðu góða þekkingu á eðli sjúkdómsins, fengu ekki að eiga lokaorðið í þessu máli? Vart þarf að taka fram að þeir einstaklingar sem voru smitaðir af veirunni eða orðnir veikir af *alnæmi* á þessu tíma, voru aldrei spurðir álits. Þeir voru þess í stað dæmdir til að vera haldnir sjúkdómi sem hét því óskemmtilega heiti *eyðni*. Burtséð frá alvarleika þess að ganga með lífsógnandi sjúkdóm, var þetta skuggalega heiti hans, til að auka á byrðarnar, einskona stimpill.



Páll Bergþórsson svaraði á sínum tíma áður nefndri gagnrýni smitsjúkdómalæknanna og færði rök fyrir því að *eyðni* væri mildara orð en *alnæmi* og ætti að ná yfir öll stig sjúkdómsins, allt frá smiti veirunnar og fram á lokastig þegar varnir líkamans væru engar. Auk þess sagði hann að menn mættu ekki rugla orðinu *eyðni* við *eyðing*, enda sæju málglöggir menn að alls ekki væri um sama orðið að ræða. Páll sagði að menn mættu hafa í huga að Grænland væri ekki mjög hlýlegt, þótt nafnið gæfi það til kynna.

Þrátt fyrir trú Páls á málvitund fólks almennt, hefur það verið svo í gegnum tíðina, að orðið *eyðni* hljómar neikvætt og drungalegt fyrir þá sem eru Hiv-jákvæðir því samkvæmt málskilningi flestra felur orðið í sér að sjúklingar eigi sér enga von. Eftir að Hiv-jákvæðir fóru



að lifa heilbrigðu og góðu lífi með tilkomu nýju lyfjanna fyrir 17 árum, hljómar orðið *eyðni* afkáralegra í eyrum en nokkru sinni fyrir. Allt of oft sést það þó í prentmiðlum enn þann dag í dag, og er notað í dægurmenningunni almennt. Getur verið að fjölmiðlafólk vilji halda í orðið *eyðni*, því það er jú enn eitthvað svo „smellið og ísmeygilegt“ og líklegt til að njóta lýðhylli. En fyrst og fremst er *eyðni* leiðindaorð, draugur úr fortíðinni sem þarf að kveða niður í eitt skipti fyrir öll.

H. J.

Heilbrigðismál 35. árg., tbl. (01.09.1987) Skoðað 10. október 2013 á

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=324110&pageId=5047773&lang=is&q=eyðni](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=324110&pageId=5047773&lang=is&q=eyðni)

Þjóðviljinn 9. tbl. (14.01.1987) Skoðað 10. október 2013 á

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=225030&pageId=2907727&lang=is&q=eyðni+læknar](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=225030&pageId=2907727&lang=is&q=eyðni+læknar)

## MIKIL AUKNING Á HIV-SMITI Í LONDON

Það hefur orðið mikil aukning á hiv-smiti hjá samkynhneigðum körlum í London. Eftir nýjustu tölum frá heilbrigðisyfirvöldum á Englandi greindust 20% fleiri hiv-smitaðir árið 2012 en árið áður. Í öllu landinu greindust 3.240 nýsmitaðir karlar sem höfðu átt kynmök við karl, 8% fleiri en 2011. Í London greindust þeir 1.720 árið 2012. Talið er að hluta aukningarinnar sé hægt að skýra með því að fleiri hafi látið prófa sig.



Bresk heilbrigðisyfirvöld telja einnig að aukin vímuefnaneysla með kynlífi hafi valdið því að öryggis er ekki gætt. Starfsmaður á meðferðarstofnun vegna vímuefna segir að næstum allir skjólstæðingarnir noti vímuefni til þess að geta notið kynlífs. Margir setji jafnaðarmerki þarna á milli. Það er vissulega lítill minnihluti samkynhneigðra sem hefur þessa afstöðu en hópurinn fer ört stækkandi.



## Erlent samstarf

HIV Norden er samstarfsvettvangur hiv-jákvæðra á Norðurlöndum og hefur skrifstofu í Stokkhólmi. Formaður sambandsins er Kimmo Karsikas frá Finnlandi. Öll HIV landssamtök á Norðurlöndunum hafa nú breytt nafni sínu, það eru: **Hiv-Sverige** [www.hiv-sverige.se](http://www.hiv-sverige.se), **HIV-Danmark** [www.hiv-danmark.dk](http://www.hiv-danmark.dk), **Hiv-Norge** [www.hivnorge.no](http://www.hivnorge.no), **Hiv-Finnland** [www.positiiviset.fi](http://www.positiiviset.fi) og **Hiv-Ísland** [www.hiv-island.is](http://www.hiv-island.is).



Fundir eru haldnir tvisvar til þrisvar á ári (einn þeirra aðalfundur) þar sem rætt er um ástandið í hverju landi og reynt að móta sameiginlega stefnu.

Fyrsti fundur ársins var haldinn í Helsingfors í apríl, aðalfundur átti sér stað í Ósló í september. Tveir fulltrúar sitja fundina frá hverju Norðurlandanna. Fulltrúar Hiv Ísland eru Einar Þór Jónsson og Jón Sveinsson.

Áherslan í samstarfi HIV-Norden snýr að mannréttindum HIV jákvæðra, forvörnum og upplýsingum almennt út í samfélagið en undanfarin misseri hefur verið aukin áhersla á fræðslu og stuðningi á meðal HIV jákvæðra. Því er nauðsynlegt að ná til sem flestra með upplýsingum, ráðgjöf, samveru og styrkingu á lífstíl í því umhverfi sem þeir búa við.

Í tengslum við þessar áherslur hófst samstarf Hiv-Norden með lyfja- rannsóknarfyrirtækinu „Gilead“ sem felur í sér hönnun „fræðslupakka“ fyrir HIV-jákvæða og aðstandendur um heilsu, aukaverkanir lyfja og heilsueflingu jákvæðra, sjá heimasíðuna: [www.hivandyourbody.com](http://www.hivandyourbody.com).

Gilead ber allan kostnað af námskeiðunum sem verða haldin í nokkur skipti á Norðurlöndunum á næstu tveimur árum. HIV-Ísland hefur sent 5 fulltrúa á þessi námskeið.

## Fréttir af fundi HIV Norden í september 2013

Hjá flestum þáttökulandanna hefur orðið ánægjulegur viðsnúningur varðandi afstöðu til glasafrjóvgana og annarra ófrjósemismæðferða hiv-jákvæðra. Aðgengi að slíkum mæðferðum hefur lengi verið baráttumál þeirra sem vinna að málum hiv-jákvæðra, ekki síst þar sem ófrjósemi veldur oft miklum tilfinningavanda og erfiðleikum í samlífi hjóna og sambýlisfólks.

Í Noregi voru gerðar lagabreytingar sem gera smituum kleift að fara í slíkar aðgerðir – og í Finnlandi hefur á sama hátt verið fellt úr gildi bann við því að hiv-jákvæðir – og samkynhneigðir, eigi tók á að fara í frjósemismæðferðir. Þetta eru hvorutveggja jákvæðar vörður í réttindamálum okkar.

Hafa ber þó í huga að þó löggjöfin hafi þróast í sömu áttina, þá er enn nokkur munur á hugtakanotkun milli Norðurlanda í þessum málum, en það er efni í annan pistil.

*Jón Tryggvi, varaformaður Hiv-Ísland*






**Hólmfríður Gísladóttir heiðursfélagið Hiv Ísland og Ingi Rafn Hauksson fyrrv. formaður Hiv Ísland.**



**Grunnskólakrakkar hlýða á fræðslu um hiv og alnæmi.**



**Gulli, Heiðís, Gígja og Sibeso á ráðstefnu í Svíþjóð.**



**Frá hinni árlegu minningar-  
guðsþjónustu.**



**Elín Ebba Ásmundsdóttir framkv.stjóri Hlutverkaseturs og Einar Þór Jónsson framkv.stjóri Hiv Ísland stilla sér upp fyrir myndatöku.**



**Sigurlaug Hauksdóttir félagsráðgjafi hjá Hiv Ísland og Birna Þórðar fyrrv. framkv.stjóri Hiv Ísland á góðri stundu.**

## Vaxandi vitund um hiv og alnæmi í Papúa-héruðum Indónesíu

Í Papúa-héruðum Indónesíu, sem er vesturhluti eyjarinnar Papúa og var hollensk nýlenda lengur en aðrir landshlutar, er hæst tíðni hiv-smits í landinu. Þar vex þó þekking á hiv-málum og vitund um þau en almenningur hefur talið að hiv-smit væri refsing guðs. Nýsmít greind árið 2012 voru 3.563 en íbúar eru um þrjár milljónir. Smitaðir á lífi eru taldir rúm þrjátíu þúsund en voru fimm þúsund árið 2008. Um 3% fólks á aldrinum 15-24 ára eru talin smituð. Stjórn héraðsins hefur átt samvinnu við Barnahjálp

Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) um að þjálfa kennara í almennum skólum til þess að fræða nemendur um hiv og alnæmi. Kennarar eru þó yfirleitt tregir til að ræða um kynlíf við nemendur og 38% barna á aldrinum 7-15 ára ganga ekki í skóla. Þess vegna er líka lögð áhersla á að dreifa fræðslu í barnastarfi mótmælendakirkjunnar og með útvarpi og sjónvarpi. En í héraðinu eru ákaflega margir ættflokkar og mörg þorp hafa hvorki vegasamband né símasamband.

## Eldfim yfirlýsing frá Danmörku:

# „Hiv-jákvætt fólk á lyfjum smitar ekki“

Félagasamtökin Hiv Danmark sendu frá sér þá yfirlýsingu nú í september að bæði hiv-jákvæðir og almenn-ingur skyldu uppfærddir um það: „Að hiv-jákvætt fólk á lyfjum (sem bregst vel við lyfjagjöf), smitar ekki.“

Þetta kemur fram í síðasta tölublaði samtakanna í grein sem ber yfirskriftina *Mere sex med hiv-smittede fordi*. Þar



Eva Gunnbjörnsdóttir

segir m.a.: „Þeir sem eru ekki smitaðir af hiv-veirunni velja sjálfir hvernig og hvort þeir vilja stunda kynlíf með hiv-jákvæðum einstaklingi sem er á lyfjameðferð. Valið ætti að vera upplýst.“ Einnig kemur fram að ef vafi leikur á því hvort hinn hiv-jákvæði einstaklingur sé að bregðast vel við lyfjunum, eigi að nota smokk. Samtökin segja smokk vera góða vörn gegn hiv-smiti og öðrum kyn-sjúkdómum: „Ef fólk veit þetta

tvennt: að smokkar eru góð vörn og að hiv-jákvæðir á lyfjameðferð smita ekki, þá er allur ótti við að stunda kynlíf með hiv-jákvæðum einstaklingi óþarfur.“

Hiv Danmark skýra auk þess frá því að hiv-jákvæðir einstaklingar sem bregðast vel við lyfjagjöf geti komist hjá því að upplifa ótta við að smita annan einstakling af hiv og endurheimt kynlífið sitt. Á sama hátt sé óhætt fyrir pör í dag (þar sem annar aðilinn er smitaður) að stunda óvænt kynlíf og geta börn sín á náttúrulegan hátt.

### Þekking eyðir fordómum

Hiv Danmark lýsir því yfir að samtökin líti á það sem verkefni sitt að breiða út þessa þekkingu og með henni draga úr fordómum sem hiv-jákvæðir verði stöðugt fyrir. Minnkandi fordómar og mismunun komi öllum vel. Sú staðreynd að hiv-jákvæðir sem bregðist vel við lyfjagjöf séu ekki lengur smitberar, muni, samkvæmt Hiv-Danmark, minnka ótta í garð smitaðra einstaklinga.

Mörgum sem smitast af hiv-veirunni finnst kynlífið breytast þegar litið er á þá sem *smitbera* og margir hætta að stunda kynlíf. Gitte Kronborg, yfirlæknir á *Hvidovre Hospital*, sagði í viðtali við *Vi&Hiv* í nóvember árið 2012, að ef einstaklingur væri á lyfjameðferð og lyfin virkuðu vel, væru líkurnar á að smita aðra manneskju í gegnum kynmök hverfandi eða mjög, mjög litlar. Í grein sem birtist á vefmiðlinum *Information.dk*, þ. 21. desember árið 2010 og bar yfirskriftina *Leyndarmálið um hiv*, var rætt við Jan Gerstoft, yfirlækni á Ríkisspítala Danmerkur, *Rigshospitalet*. Hann sagði:

„Við erum að tala um að áhættan á smiti sé 0,0000 og eitthvað prósent. Líkurnar á að smita aðra eru allavega svo litlar, að maður getur ekki mælt þær. Svo það leikur enginn vafi á því að þetta eru mjög ósennilegar líkur. Við köllum þetta að vera *vel meðhöndlaður* á læknamáli og það þýðir að einstaklingur hafi verið með ómælanlegt veirumagn í blóðinu í sex mánuði eða lengur. Jan segir að 85% smitaðra séu *vel meðhöndlaðir*.“

### Svissneska skýrslan

Á stórrí ráðstefnu sem haldin var í Boston árið 2008, kom fram teymi svissneskra prófessora og rannsakenda með afar umdeildar niðurstöður vísindarannsóknna sem sönnuðu að smitaðir einstaklingar á lyfjum væru ekki smitberar. Nú, fimm árum síðar, hefur almenningur ekki enn heyrt um *Svissnesku skýrsluna* og þær merki-legu niðurstöður sem í henni birtust. Margar alþjóðlegar rannsóknir hafa síðan þá stutt niðurstöður skýrslunnar.

Bent Hansen aðalritari hjá samtökunum *Hiv Danmark* segir það enga tilviljun að almenningur fái ekki að heyra um niðurstöður rannsóknanna því það sé samfélags-lega viðurkennd skoðun að það væri óábyrgt að koma þekkingunni á framfæri. Bent segir það þó hafa mikla þýðingu fyrir baráttu hiv-jákvæðra gegn fordómum að almenningur fái að vita það sama og þeir. Það er, að ef þeir eru á lyfjameðferð sem gengur vel eru þeir ekki lengur smitberar. Bent segir að enn í dag sé litið á alla hiv-jákvæða sem smitbera.



## Menningarleg mynd sjúkdómsins gamaldags


Ole Møller Markussen mannfræðingur og verkefnastjóri hjá STOP AIDS útskýrir að þrátt fyrir stór skref fram á við í lyfjameðferðum hafi fordómar gagnvart hiv-jákvæðum haldist nánast eins frá því á níunda áratugnum: „Menningarleg mynd sjúkdómsins er tengd við ótta, dauða, sjúkdóma, kynlíf og siðleysi. Ímynd hiv-veirunnar er afmörkuð við eitthvað sem við eigum að óttast.“ Ole Møller telur að óttinn myndi minnka ef þekking á lyfjaþróun væri til staðar í samfélaginu: „Fordómar gagnvart hiv-jákvæðum minnka jú ótrúlega mikið á því augnabliki sem fólk gerir sér grein fyrir því að ef þú ert vel meðhöndlaður þarf kynlíf þitt ekki að bíða hnekki.“

Bent Hansen hjá *Hiv Danmark* segir: „Ástæðan fyrir því að félagasamtök og læknar láta ekki samfélaginu þessar upplýsingar í té og skrifa með stóru lettri að 85% hiv-jákvæðra séu í raun og veru ekki lengur smitberar, eru áhyggjur af áhættu hegðun. Maður óttast auðvitað að það gæti orðið sprengja sem eyðileggi þann forvarnargrunn sem við höfum byggt upp, ef fram kemur vitneskja sem hefur svona mikinn sprengikraft. Að sumir muni túlka þessar dásamlegu fréttir þannig að maður geti hegðað sér hvernig sem er og þurfi ekki lengur að passa sig. Þess vegna höfum við haldið aftur af okkur með að koma fram með stórar opinberar yfirlýsingar.“

Í greininni *Leyndarmálið um hiv* kom fram, að stór fræðsluherferð heilbrigðiskerfis Danmerkur árið 2008 hafi snúist um að hiv-veiran smitist ekki við daglega umgengni, t.d. í gegnum snertingu, handklæði eða klósettsetur, heldur aðeins við blóðblöndun og í gegnum kynlíf. Mörgum fannst þetta svolítið gamaldags fræðsla í ljósi nýrra uppgötvana. Í stefnumótum UNAIDS (Alnæmisáætlun Sameinuðu þjóðanna) sama ár kom fram

### Á Íslandi hafa margir smitast síðustu ár

Það hafa 300 einstaklingar smitast af hiv-veirunni á Íslandi frá upphafi samkvæmt skýrslu sóttvarnarlæknis frá því í nóvember í fyrra. Þar af eru 39 látnir. Samkvæmt tölum sóttvarnarlæknis smituðust 16 manns árið 2012 en 23 árið 2011. Tíðni hiv-smita ætti að fara lækkandi hér á landi en síðustu ár hefur fíkniefnaneytendum sem sprautu sig í æð fjölgað. Því hafa margir einstaklingar smitast í gegnum nálar. Einnig hefur verið í umræðunni hér á landi að eldra fólk, sem hefur verið smitað árum saman án þess að vita af því, hafi í auknum mæli verið að greinast með hiv-veiruna.



að hiv-jákvæðir einstaklingar á lyfjum með fullkomlega bælda veiru eru ekki smitberar.

Samkvæmt Ole Møller Markussen ætti tíðni hiv-smita í Danmörku að fara lækkandi. Þrátt fyrir gott aðgengi að lyfjum smitast margir í Danmörku á ári hverju. Ole Møller segir annan hóp einstaklinga að smita. Það séu einstaklingar sem fari ekki í hiv-próf og viti ekki að þeir eru smitaðir. Þessir einstaklingar séu ekki á lyfjum og þar með smitberar. „Þetta er hin svokallaða *skuggatala*, sem við giskum á að séu um 1000 manns í Danmörku.“

Ole segir að í sumum tilfellum hafi fólk ekki hugmynd um að það sé smitað af hiv-veirunni og að stór hluti hinna smituðu einstaklinga viti ekki að þeir séu smitaðir og vilji hreinlega ekki fara í hiv-próf. Þá sé stór hluti ástæðunnar fyrir því að fólk vilji ekki fara í slíkt próf, ótti við fordóma og *stigma* í kringum það að vera með hiv. Þetta telur Ole Møller Markussen vera aðal vandan: „Það er ekki sá einstaklingur sem veit að hann er smitaður sem gengur um bæinn og smitar aðra. Það er hinn sem ekki veit að hann er smitaður.“

Án efa eru einstaklingar á Íslandi eru með hiv-veiruna án þess að vita af því.

Þýtt og endursagt: Eva Gunnbjörnsdóttir

### Heimildir:

Information.dk: *Hemmeligheden om hiv*, information.dk.

ViogHIV, 23. árg.: *Mere sex med Hiv-smittede*  
Rauði bordinn, 23. árg., 34. tbl.

## Tala hiv-smitaðra og alnæmissjúkra á Íslandi frá upphafi miðað við 31. desember 2012 – töflur 1 og 2. Í töflu 3 eru tölur til 1. okt. 2013

**Tafla 1**

*Dreifing hiv-smitaðra eftir smitleiðum og áhættuhegðun*

Hópar einstaklinga	Karlar	Konur	Alls	%
1. Hommar og tvíkynhneigðir (kynmök)	111	–	111	37
2. Fíkniefnaneytendur (í æð)	44	17	61	20
3. Gagnkynhneigðir (kynmök)	51	63	114	38
4. Blóðþegar	–	5	5	2
5. Móðir til barns	–	1	1	0
6. Annað og óþekkt	4	4	8	3
Alls	210	90	300	100

**Tafla 2**

*Aldur hiv-smitaðra*

Aldur	Karlar	Konur	Alls	%
0–9 ára	–	1	1	0
10–19 ára	2	6	8	3
20–29 ára	56	32	88	29
30–39 ára	83	29	112	38
40–49 ára	49	13	62	21
50–59 ára	17	5	22	7
60 ára og eldri	3	4	7	2
Alls	210	90	300	100

**Tafla 3**

*Einstaklingar greindir með hiv-smit og alnæmi og dánir af alnæmi*

Árslok	Með hiv-smit			Með alnæmi			Karlar	Dánir Konur	Alls
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls			
1983	1	–	1	–	–	–	–	–	–
1984	–	–	–	–	–	–	–	–	–
1985	15	1	16	1	–	1	1	–	1
1986	11	2	13	3	–	3	–	–	–
1987	4	1	5	1	–	1	2	–	2
1988	10	3	13	3	2	5	1	1	2
1989	5	1	6	3	–	3	–	–	–
1990	5	–	5	3	–	3	4	1	5
1991	8	2	10	6	2	8	2	–	2
1992	10	1	11	3	–	3	2	–	2
1993	2	1	3	6	1	7	7	1	8
1994	6	2	8	5	1	6	4	1	5
1995	5	2	7	4	–	4	3	–	3
1996	4	2	6	3	–	3	1	–	1
1997	8	1	9	1	–	1	1	–	1
1998	5	3	8	2	–	2	–	–	–
1999	7	5	12	–	–	–	1	–	1
2000	7	3	10	1	–	1	1	–	1
2001	9	2	11	1	–	1	–	1	1
2002	5	2	7	–	–	–	–	–	–
2003	6	4	10	1	–	1	–	–	–
2004	4	1	5	2	1	3	1	–	1
2005	5	3	8	1	–	1	–	–	–
2006	8	3	11	2	1	3	1	–	1
2007	6	7	13	–	–	–	–	–	–
2008	7	3	10	–	–	–	–	–	–
2009	4	11	15	–	1	1	1	–	1
2010	18	6	24	1	–	1	–	–	–
2011	12	11	23	2	1	3	–	1	1
2012	13	7	20	1	–	1	–	–	–
2013, 1. okt.	3	1	4	–	–	–	–	–	–
Alls	213	91	304	56	10	66	33	6	39

Heimild: Sóttvarnalæknir, landlæknir



## Tala hiv-smitaðra og alnæmissjúkra í heiminum miðað við árslok 2011

### Dálfyrirsagnir:

- I Upphaf faraldursins
  - II Fullorðnir og börn á lífi með hiv eða alnæmi
  - III Fullorðnir og börn sem smituðust af hiv á árinu
  - IV Tíðni hiv og alnæmis meðal fullorðinna (15-49 ára), %
  - V Hlutfall kvenna meðal fullorðinna með hiv eða alnæmi, % (árið 2006)
  - VI Dánir úr alnæmi á árinu
  - VII Helstu smitleiðir: G = kynmök karls og konu, S = kynmök karla, V = vímuefnanotkun með sprautu
- Tölurnar eru meðaláætlun UNAIDS.

	I	II	III	IV	V	VI	VII
Afríka sunnan Sahara	Um 1980	23.500.000	1.800.000	4,9	59	1.200.000	G
Norður-Afríka og Miðausturlönd	Fyrir 1990	300.000	37.000	0,2	48	23.000	G, V
Suður- og Suðaustur-Asía	Fyrir 1990	4.000.000	280.000	0,3	29	250.000	G, V
Austur-Asía	Fyrir 1990	830.000	89.000	0,1	28	59.000	V, G, S
Mið- og Suður-Ameríka	Um 1980	1.400.000	83.000	0,4	31	54.000	S, V, G
Karíbahaf	Um 1980	230.000	13.000	1,0	50	10.000	S, G
Austur-Evrópa og Mið-Asía	Eftir 1990	1.400.000	140.000	1,0	30	92.000	V
Vestur-Evrópa og Mið-Evrópa	Um 1980	900.000	30.000	0,2	28	7.000	S, G
Norður-Ameríka	Um 1980	1.400.000	51.000	0,6	26	21.000	S, V, G
Eyjaálfa	Um 1980	53.000	2.900	0,3	47	1.300	S, G
<b>Alls</b>		<b>34.000.000</b>	<b>2.500.000</b>	<b>0,8</b>	<b>48</b>	<b>1.700.000</b>	



## Félagsráðgjafi hjá Hiv Íslandi

### Einstaklingsviðtöl

Sigurlaug Hauksdóttir hefur um langt árabil verið félagsráðgjafi hiv-jákvæðra. Hún er með viðtöl í húsnæði Hiv Íslands að Hverfisgötu 69 á miðvikudögum kl. 14 – 16. Einnig veitir hún viðtöl á Landspítalanum í Fossvogi á þriðju- og föstudögum.

Hægt er að panta viðtalstíma hjá Sigurlaugu í síma 543 1000/9109 eða hjá Hiv Íslandi í síma 552 8586. Jafnframt er hægt að hafa samband við hana með netpósti sem er [sigurlh@landspitali.is](mailto:sigurlh@landspitali.is)

### Hópavinna með hiv-jákvæðum

Yfir vetrartímamann geta hiv-jákvæðir hist í hópastarfi í húsnæði Hiv Íslands. Markmið þess eru félags- og tilfinningalegs eðlis, að geta hitt aðra í sömu stöðu, ræða hjartans mál og læra af reynslu hvers annars. Áhersla er lögð á einlægni og trúnað.

Umsjón með starfinu hefur Sigurlaug Hauksdóttir félagsráðgjafi. Nánari upplýsinga má fá hjá henni í síma 543 1000/9109, hjá Hiv Íslandi í síma 552 8586 og með netpósti sem er [sigurlh@landspitali.is](mailto:sigurlh@landspitali.is)

## Hópastarfið í áranna rás

Hópastarfið þar sem hiv-jákvæðir hittast eina kvöldstund eitt skipti í mánuði hefur verið til staðar frá því í janúar 1999. Þátttakendur eru fjölbreytilegur hópur; frá 18 ára til sjötugs, gagnkynhneigðir, samkynhneigðir, fyrrum sprautufíklar og útlendingar sem eiga það sameiginlegt að tala ensku. Það að enginn hópfundur hafi fallið niður í tæp 15 ár segir til um ákveðna þörf. Verður nú í stuttu máli getið um nokkrar breytingar sem verða í lífi fólks við það að greinast hiv-jákvætt, hvernig staðan er í dag og við hverju megi búast. Áhrif hiv á líf fólks er einmitt meginumræðuefni hópastarfsins.

**Áfall** Þegar fólk greinist hiv-jákvætt verður það enn fyrir miklu áfalli; margvíslegar tilfinningar gera vart við sig á ólíkum sviðum. Það má segja að sálrænt vinnsluferli fari af stað, sem hver og einn gengur í gegnum á eigin hraða yfir ákveðið tímabil. Fólk hefur mikla þörf á upplýsingum um eðli sjúkdómsins og er því mikill léttir að komast að því hvað framfarirnar í læknávisindunum hafa verið miklar á undanförunum árum. Nú getur t.d. fólk lifað til gamals aldurs, inntaka lyfjanna er einföld, aukaverkanir sjaldgæfar og smithættan mjög lítil. Þrátt fyrir þetta upplifir fólk gjarnan sorg að geta ekki verið heilbriggt lengur og vera háð lyfjagjöf og reglulegri eftirfylgd það sem eftir er ævinnar. Einnig ríkir stundum innri óvissa um raunverulegan framgang sjúkdómsins því þetta eru jú fólkið sem er fyrst til að taka inn þessi lyf og eldast með sjúkdómnum.

**Skömm** Tilfinningar eins og sektarkennd og skömm gera enn vart við sig og er algengt að fólk ásaki sjálf sig fyrir að hafa ekki farið nógu varlega í kynlífi. Finnst því hafa mistekist og valdið sjálfum sér og sínum nánustu miklum vonbrigðum. Þess vegna á það oft erfitt með að segja strax frá sjúkdómnum. Það kvíður viðbrögðum sinna nánustu en fá oftast mikilsverðan stuðning þegar það segir frá. Fólk óttast jafnframt að upplýsingarnar geti borist út og að slíkt geti sem dæmi haft neikvæð áhrif á börnin þeirra og starfsframa. Meginreglan er að segja ekki frá á vinnustaðnum, en þeir sem gera það upplifa langoftast skilning og stuðning.

**Kynlíf** Kynlíf er oftast það sem flestum hefur fund-ist erfiðast að takast á við. Fólk smitaðist gjarnan sjálfst í kynlífi og vill ekki verða til þess að smita aðra á sama hátt. Oft getur liðið langur tími þangað til einstaklingar treysta sér til að huga að kynlífi og óttast gjarnan höfnun þegar þeir upplýsa um smitið. Einnig hrýs þeim oft hug-



ur við því að þurfa að nota smokka í kynlífi það sem eftir er ævinnar. Gera má ráð fyrir því að hér geti orðið breytingar í ljósi nýlegra rannsókna sem sýna að sé gagnkynhneigt fólk í virkri

hiv-meðferð og án annarra kynsjúkdóma sé smithætta í kynlífi óveruleg. Enn skorta rannsóknir á samkynhneigðum einstaklingum. Þessar niðurstöður gefa til kynna að það geti verið auðveldara fyrir hiv-jákvæða að stofna til sambanda í framtíðinni og að kynlífið verði afslappað. Þær ættu að draga úr óttanum á því að smita aðra. Notist fólk við smokka og verði óhapp, virðast líkurnar á smiti vera mjög litlar.

Hingað til hafa sumir hiv-jákvæðir ekki treyst sér til að stofna til tengsla við ósmitaða einstaklinga. Þar sem hiv-jákvæðir eru oft lítt sýnilegir í samfélaginu hefur það gjarnan reynst þeim mjög erfitt að hitta aðra hiv-jákvæða. Einhverjum hefur þó tekist að stofna til náinna tengsla í hópastarfinu. Í ljósi minni smithættu í kynlífi má búast við að sambönd hiv-jákvæðra og ósmitaðra verði algengari í framtíðinni.

Á undanförunum árum hefur færst í vöxt að hiv-jákvæðir stofni til tengsla við fólk sem er ekki smitað af hiv. Hiv-jákvæðu fólki finnst það gjarnan vanda sig meir í kynlífi eftir greininguna, það vill kynnast hinum aðilanum vel og treysta honum áður en kemur að kynlífi. Oftast notar fólk smokka í slíkum samböndum til að koma í veg fyrir smitun. Nú er spurning í ljósi minni smithættu hvort pör í slíkum samböndum dragi úr smokkantkun eða hætti henni alveg. Þetta eru þættir sem hver og einn verður að gera upp við sig. Á nýlegum hópafundi var þessu velt upp, kom þá í ljós að þeir sem bjuggu með ósmituðum einstaklingum ætluðu ekki að hætta að nota smokkinn. Vafalaust eiga viðhorf fólks og hegðun eftir að breytast að þessu leyti með árunum, en hvað fólk telur áhættu verði ávallt einstaklingsbundið.

**Barneignir** Í upphafi hópavinnunnar fannst hiv-jákvæðum konum það umdeilanlegt hvort þær ættu að eignast börn eða ekki. Sumum fannst það óábyrgt, þær gætu dáið frá barninu eða barnið smitast af veirunni. Í dag eru þær sammála um gildi barneigna. Í ljósi breyttra og betri aðstæðna hiv-jákvæðra á síðustu árum hafa margir stofnað fjölskyldu og eignast börn, sem er meðvitun og ómeðvitun þrá okkar flestra. Sé kona á hiv-lyfjum í meðgöngu og barnið fær hiv-lyf í 6 vikur eftir fæðingu minnka líkur á smiti úr um 30% í undir 1%.


Hér á landi hefur fjöldi barna komið í heiminn á undanförunum árum og ekkert þeirra greinst hiv-jákvætt.

Hingað til hafa hiv-jákvæðir notast við ýmsar aðferðir til að forðast smitun við getnað eins og svokallaðan *sæðisþvott* og notkun sprauta þar sem sæðum er sprautað inn í leggöngin. Í ljósi nýlegra rannsókna um minni smithættu í kynlífi má jafnvel gera ráð fyrir að dragi úr notkun þessarra aðferða eða þeim verði alveg hætt. Þess í stað verði notast meir við hefðbundin kynmök við getnað. Gera má ráð fyrir að þessi breyting eigi eftir að auðvelda hiv-jákvæðum til muna að eignast börn og því ekki ólíklegt að þeim eigi eftir að fjölga enn meir í framtíðinni.

**Lokaorð** Eins og fram hefur komið fara hiv-jákvæðir einstaklingar gjarnan í gegnum sálrænt vinnsluferli við það að greinast hiv-jákvæðir. Sem dæmi upplifa þeir enn áfall við greininguna, skömm og óttast viðbrögð annarra segi þeir frá sjúkdómnum. Ýmislegt í lífi fólks verður jafnframt vandasamara, eins og kynlífið, að eignast maka og barn. Þær miklu framfarir sem hafa átt sér stað í læknavísindunum á undanförunum árum hafa svo sannarlega auðveldað fólki að takast á við afleiðingar sjúkdómsins og eftl lífsgæði þeirra til muna. Margar jákvæðar breytingar eiga enn eftir að líta dagsins ljós. Svo lengi sem umræðan um kynlíf særir enn blygðunarkennd fólks, spautufiklar valda hneykslun og fordómar gagnvart útlendingum, samkynhneigðum og hiv-jákvæðum eru ennþá fyrir hendi í samfélaginu, verður samt líf hiv-jákvæðra erfiðara en ella.

Hópastarfið er ein leið sem aðstoðar hiv-jákvæða við að aðlagast sjúkdómnum og efla enn frekar lífsgæði þeirra. Hópavinnan kemur í veg fyrir að fólk einangrist um of og eflir samkennd þeirra á milli. Það að hitta aðra í sömu stöðu dregur jafnframt úr fordómum sem það getur haft gagnvart sjálfum sér og öðrum. Því gefst tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og læra af reynslu hvers annars. Enn er þörf á umræðu um áhrif fordóma í lífi þeirra, ýmsa sálræna, félagslega, praktíska og siðferðilega þætti sem fólk gengur í gegnum og veltir fyrir sér, auk tækifæranna vegna framfara í læknavísindum. Allt þetta er til þess fallið að auka styrk hiv-jákvæðra til að takast á við sjúkdóminn og sitt eigið líf.

Til mikils er unnið ef þörfin fyrir hópastarfið minnkar eða hverfur alveg með árunum. Til þess að svo geti orðið er nauðsynlegt að takast samhliða á við fordómanna í samfélaginu og efla jákvæða umfjöllun um hiv-jákvæða. Svo lengi sem hiv-jákvæðum sjálfum finnst gagnlegt og gefandi að taka þátt í hópastarfinu á starfið rétt á sér.



# Hrikalegt ástand hiv- mála í Grikklandi

Nýr heilbrigðisráðherra Grikklands ákvað að láta ganga aftur í gildi reglugerð, sem hafði verið afnumin, um skyldu til að gangast undir hiv-próf. Það tekur einnig til annarra sjúkdóma sem geta borist við kynmök, svo sem lifrabólgu. Samtök sem láta sig heilbrigðismál varða eru mjög ósátt við ákvörðunina og segja að þetta sé gert til þess að draga í dilka vímuefnaneytendur, vændisfólk og ólöglega innflytjendur. Í reglugerðinni segir einnig að íbúum húsa sem ógna heilbrigði almennings skuli gert að flytja úr þeim án þess þó að þeim sé boðið annað úrræði.

Reglugerðin var upphaflega gefin út í apríl 2012 og í kjölfarið var hundruðum kvenna gert að gangast undir hiv-próf. Sautján konur greindust hiv-jákvæðar og birtu fjölmiðlar nöfn þeirra, myndir af þeim og upplýsingar um persónulega hagi þeirra í þeim tilgangi, að sagt var, að vernda heilbrigði almennings. Þær voru nefndar vændiskonur þó að ekkert hefði komið fram um að það ætti við rök að styðjast og að þær væru tifandi heilbrigðissprengjur. Þær voru hafðar í haldi í marga mánuði þar til að þær voru sýknaðar fyrir dómi af þeirri ákæru að hafa ætlað sér að valda heilsutjóni.

Síðustu fimm konunum úr þessum hópi var sleppt úr haldi í mars 2013 og fljótlega eftir það var reglugerðin afnumin.

Heilbrigðiskerfið í Grikklandi hefur þurft að kljást við geysilegar sparnaðaraðgerðir og í því felst meðal annars minni þjónusta við innflytjendur, hælisleitendur, vændisfólk og heimilislaustr fólk. Hiv-smit greinist nú 200% tíðara en árið 2011 og er kennt um aukinni vímuefnaneyslu meðal atvinnulauss ungs fólks og auk þess hafa útgjöld til fræðslu um hiv-varnir verið skorin mikið niður. Útgjöld til stofnana sem annast fólk í vímuefnamedferð fóru úr 35 milljónum evra árið 2010 í 20 milljónir árið 2012.

Fjöldi samtaka innan Grikklands og utan hefur mótmælt endurupptöku reglugerðarinnar. Bent er á að hún gegni helst þeim tilgangi að ýta ákveðnum þjóðfélags-  
hópum út á jaðar samfélagsins. Hún vinni gegn tilgangi sínum vegna þess að hún fæli fólk frá því fara í hiv-próf. Samtök sem heita *Læknar heimsins* biðja ríkisstjórn Grikklands að beina sjónum sínum að mikilvægari heilbrigðisvanda svo sem rétti allra barna til að vera bóluset. Þau skora á heilbrigðisstarfsfólk að hafna því að beita nauðungarprófi vegna hiv.

## NÝR DÓMUR HÆSTARÉTTAR KANADA

Í október 2012 úrskurðaði hæstiréttur Kanada að þeir sem hefðu hiv-veiruna í litlu magni og notuðu smokk þyrftu ekki að upplýsa kynlífsfélaga sinn um hiv-smit. Allir níu dómarnir voru sammála um að ekki þyrfti að segja frá smitinu nema líkurnar á því að smita væru *raunverulegur möguleiki*. Með þessu var snúið við ákvæði laga frá 1998 sem töldu það alvarlegt kynferðisabrot að greina ekki frá hiv-smiti.

Saksóknari hafði haldið því fram að það að segja ekki frá smiti svipti kynlífsfélagann réttinum til að taka upplýsta ákvörðun um að vilja kynmök. Rétturinn taldi að væri fólki skylt að upplýsa um hiv-smit gætu þeir lent í fangelsi sem hefðu ekki lagt aðra í hættu.



# VIÐ ÞÖKKUM STUÐNINGINN

## Akureyri

Baugsbót sf, bifreiðaverkstæði  
Brekkuusel-Gistiheimili  
Ferro Zink hf  
Fjölumboð ehf  
Framtal sf  
Geimstofan ehf, auglýsingastofa  
og skiltagerð  
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf  
Hagvís ehf, heildverslun  
Hársnyrtistofan Samson  
Höldur ehf, bílaleiga  
Ísgát ehf  
Íslensk verðbréf hf  
Kælimiðjan Frost ehf  
Pólýhúðun Akureyri ehf  
Rakara- og hárstofan Kaupangi  
Rofi ehf  
Samherji Ísland ehf  
Samvirkni ehf  
Slippurinn Akureyri ehf  
Tannlæknahúsið sf  
Vélfag ehf

## Grímsey

Sigurbjörn ehf, fiskverkun

## Dalvík

Bruggsmiðjan ehf  
Kussungur ehf  
Njáll ehf  
Salka-Fiskmiðlun hf  
Sparisjóður Norðurlands  
Vélvirki ehf, verkstæði

## Ólafsfjörður

Kristbjörg ehf  
Norlandia ehf

## Húsavík

Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf,  
www.fjallasyn.is  
Framhaldsskólinn á Húsavík  
Heilbrigðisstofnun Pingeyinga  
Höfðavélar ehf  
Kvenfélag Reykdæla  
Skóbúð Húsavíkur ehf  
Sorpsamlag Pingeyinga ehf  
Stefán Haraldsson, tannlæknir  
Tjörneshreppur  
Töff fót ehf  
Vermir sf  
Vélaverkstæðið Árteigi  
Vikurraf ehf

## Laugar

Framhaldsskólinn á Laugum

## Mývatn

Fjalladýrð ehf  
Kvenfélag Mývatnssveitar  
Mývetningur, íþrótt- og ung-  
mannafélag

## Kópasker

Vökvapjónusta Kópaskers ehf

## Raufarhöfn

Hótel Norðurljós  
Önundur ehf

## Þórshöfn

B.J. vinnuvélar ehf  
Trésmiðjan Brú ehf

## Vopnafjörður

ES-vinnuvélar ehf  
Ferðapjónustan Syðri-Vík

## Egilsstaðir

Ágúst Bogason ehf  
Bílamálun Egilsstöðum ehf  
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf  
Fljótsdalshérað  
Gistihúsið Egilsstöðum  
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf  
Menntaskólinn á Egilsstöðum  
Miðás ehf-Brúnás innréttingar  
PV-pípulagnir ehf  
Rafey ehf  
Skógar ehf  
Skrifstofupjónusta  
Austurlands ehf  
Þ.S. verktakar ehf

## Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður

## Reyðarfjörður

Félag opinberra starfsmanna á  
Austurlandi  
Krana- og gröfuleiga  
Borgbórs ehf  
Launafli ehf  
Skiltaval ehf  
Tærgesen, veitinga- og gistihús

## Eskifjörður

Ferðapjónustan Mjóeyri

Fjarðarþrif ehf  
Tandrabergh ehf

## Neskaupstaður

Fjarðahótel  
Fjarðanet hf  
Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf  
Síldarvinnslan hf

## Fáskrúðsfjörður

Litli Tindur ehf

## Breiðdalsvík

Dýralæknirinn á Breiðdalsvík  
Hótel Bláfell

## Djúpivogur

Berufjarðarkirkja

## Höfn í Hornafirði

Bókhaldsstofan ehf  
Skinney-Pinganes hf  
Prastarhóll ehf

## Selfoss

Bókaútgáfan Björk  
Brandugla slf, þýðingar  
Búhnykkur sf  
Félag opinberra starfsmanna  
Suðurlandi  
Framsóknarfélag Árnessýslu  
Gesthús Selfossi, gistihús og tjald-  
svæði  
Gróðrarstöðin Ártangi ehf  
Hvítahúsið, skemmtistaður  
Icecool á Íslandi ehf  
J.P. bílar ehf  
Jeppasmíðjan ehf  
Pylsuvagninn Selfossi við  
brúarendann  
Renniverkstæði Björns Jensen ehf  
Reykhöll ehf  
Set ehf, roraverksmiðja  
Sjúkraþjálfunin Máttur  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Sundlaugin Reykholti  
Tannlæknastofa Halls og Petru

## Hveragerði

Bílaverkstæði Jóhanns ehf  
Dvalarheimilið Ás  
Hveragerðiskirkja  
Litla kaffistofan  
Raftaug ehf

## Þorlákshöfn

Bergverk ehf  
Fiskmark ehf  
Járnkarlinn ehf  
Landsbanki Íslands  
Sveitarfélagið Ölfus

## Ölfus

Durinn ehf  
Eldhestar ehf  
Ölfusverk ehf

## Laugarvatn

Menntaskólinn að Laugarvatni

## Flúðir

Ferðapjónustan Syðra-Langholti  
Flúðafiskur

## Hella

Hestvit ehf  
Íslenskar hestaferðir ehf  
Suðurprófastdæmi

## Hvolsvöllur

Ferðapjónustan Hellishólum ehf  
Hárskör sf  
Héraðsbókasafn Rangæinga  
Nínukot ehf-Vinna um víða veröld

## Vík


B.V.T. ehf

## Kirkjubæjarklaustur

Búval ehf - Kirkjubæjarklaustur  
Icelandair Hótel Klaustur

## Vestmannaeyjar

Alþrif í Vestmannaeyjum  
Áhaldaleigan ehf  
D.Þ.H ehf, sjúkraþjálfun  
Fasteignasalan Heimaey  
Framhaldsskólinn í  
Vestmannaeyjum  
Hárstofa Viktors  
Ísfélag Vestmannaeyja hf  
Langa ehf  
Ós ehf  
Pípulagningaþjónustan  
Vatnsveitan ehf  
Rannsóknarþjónustan  
Teiknistofa Páls  
Zóphóníassonar ehf  
Vestmannaeyjabær



# MORE POSSIBILITIES. MORE HOPE. MORE LIVES.

To do more to fight HIV, GlaxoSmithKline and Pfizer have joined forces to create ViiV Healthcare, a single-focused, global HIV specialist company.



We are pleased to introduce ViiV Healthcare to the community. By combining our resources, we're making a commitment to people with HIV/AIDS—that we will do all we can to create new, effective treatments. Explore new research. And do even more to help individuals living with HIV/AIDS.

[ViiVHealthcare.com](http://ViiVHealthcare.com)

© 2010 ViiV Healthcare group of companies.